

**Kögun**  
Beðið við  
Símann



**Islenskir kvikmyndagerðarmenn**  
Arkitektar að  
evrópskrum  
samframleiðslu

**Kauphöll Íslands**  
Hugað að útrás  
og stækkun



## Misvinsæl hlutabréf

Hlutabréf í Fiskeldi Eyjafjarðar voru þau hlutabréf sem fóru sjaldnast í gegnum viðskiptakerfi Kauphallar Íslands á síðasta ári, aðeins þrisvar sinnum, og námu heildarviðskiptin alls 145 þúsund krónum. Til samanburðar voru 14.866 viðskipti með hlutabréf í KB banka í fyrra samkvæmt árbók Kauphallarinnar.

Veltuhraði hlutabréfa í Fiskeldi Eyjafjarðar, sem segir til um hversu oft heildarhlutafé hlutafélagsins skiptir um hendur á einu ári, var því nánast enginn árið 2005.

Aðeins tuttugu viðskipti voru með bréf Sláturfélags Suðurlands í nærri 360 milljóna króna veltu. Veltuhaði hlutafjár var hins vegar 129 prósent, sem var með því hæsta sem þekktist í Kauphöllinni á síðasta ári.

32 viðskipti voru með bréf Fiskmarkaðs Íslands í 115,5 milljóna króna veltu. Veltuhraði hlutafjár var 29 prósent. - eþa

## Áhlaup á bankana

„Þegar greiningardeild Merrill Lynch gaf út skýrslu um íslensku bankana þann 7. mars hófst atburðarrás sem stóð í 10 daga og verður ekki líkt við neitt annað en bankaáhlaup (e. bank run),“ segir Ásgeir Jónsson, hagfræðingur í grein sem hann ritar í Markaðinn í dag.

Ásgeir rekur atburðarás að undanfögnu þar sem hart var sótt að íslenskum skuldabréfum. Hann gagnrýnir vinnubrögð erlendra greiningardeilda og viðbrögð fjölmiðla við þeim.

Hann segir staðreyndavillur greiningardeilda í kjölfar skýrslu Fitch auðleiðréttaðlegar með lestri ársreikninga bankanna.

„Afleiðingin var sú að ódagot var á góðri leið með að myndast hérlendis þar sem almenningur var farinn að efast um styrkleika bankanna og óttast hrun hérlendis,“ segir Ásgeir í grein sinni.

- hh sjá síðu 16.

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Krónan óhentug** | Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, segir krónuna ekki henta bankanum og skoðað verði hvort bankinn verður íslenskur eða evrópskur í framtíðinni.

**Framtíðin opin** | Forstjóri Kauphallar Íslands segir ekki útilokað að Kauphöllin sameinist OMX-kauphöllinni í framtíðinni en eins og staðan er núna sé óbreytt starfsemi hagstæðari.

**Gera tilboð** | Actavis sendi króatíska lyfjafyrirtækinu PLIVA óformlegt tilboð um kaup á öllum hlutum félagsins, sem er skráð í London og Króatíu.



**Tekist á** | Á aðalfundi Kögunar áttust tvær fylkingar við um meirihluta, stjórnendalið Kögunar með liðsinni Straums-Burðarás og tveir stærstu hluthafarnir, Síminn og Exista.

**Endurheimta traust** | Vaxtaálag á skuldabréf bankanna náði hámarki 13. mars og hefur farið lækkandi síðan, sem endurspeglar meðal annars jákvæðari tón í skrifum greiningardeilda.

**Styrk staða** | Landsbanki Íslands sendi frá sér upplýsingar um stöðu bankans og áréttaði að lausafjárstaða væri sterk og grunnafkoma hefði sérstaklega batnað frá árinu 2003.

**Breytt áfallaviðmið** | Fjármálaeftirlitið hefur breytt reglum um áfallaviðmið fjármálastofnana vegna innlendrar hlutabréfaeignar og stóðust bankarnir settar kröfur í nýju álagsprófi.

# Óánægja með söluferli EJS Group

TM Software taldi sig fá að kaupa EJS eftir opnun tilboða í fyrirtækið. Söluferlið hélt hins vegar áfram og EJS selt Skýrr. Straumur-Burðarás sá um sölu.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Óánægja er innan TM Software með hvernig staðið var að sölu á 58,7 prósent hlut í EJS Group, og víðar í upplýsingatæknigeiranum setja menn spurningamerki við hvernig salan fór fram. Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hélt utan um söluferlið. Áður en til þess kom að fyrirtækjasamstæðan EJS Group var seld Skýrr var hún í formlegu söluferli hjá Straumi-Burðarási fjárfestingabanka. Seljandi var eignarhaldsfélagið DZ, sem er í eigu Kers og fleiri fjárfesta.

Skrifað var undir samninga um kaup Skýrr á EJS Group sunnudaginn 12. síðasta mánaðar. Fimm tudeginum áður voru opnuð í vitna viðurvist tilboð frá TM Software og öðru fyrirtæki. TM Software átti hæsta boð og leit svo á að gengið yrði til samninga í kjölfarið. Friðrik Sigurðsson forstjóri TM Software staðfestir að atburðarás hafi verið með þessum hætti, en segist lítið vilja tjá sig um málið enda ekki hans háttur að vera „í hlutverki spælda mannsins“.

Hjá TM Software litu menn svo á að EJS væri í formlegu söluferli sem hefði átt að ljúka með því að tilboð væru opnuð síðdegis 9. september og helst atriði þeirra lesin upp. Þá hefur Markaðurinn fyrir því heimildir að á föstudeginum 10. hafi borist inn á



**HÖFUÐSTÖÐVAR EJS VÍÐ  
GRENSÁSVEG Í REYKJAVÍK**  
Skrifað var undir samninga um kaup Skýrr á EJS snemma í síðasta mánuði, en kaupin gengu svo í gegn um miðjan þennan mánuð að lokinni áreiðanleikakönnun.

MARKAÐURINN/ANTON BRINK

borð Nýherja upplýsingar um að enn væri hægt koma að tilboðum.

Á laugardegi voru svo fulltrúar TM Software boðaðir á fund og greint frá því að tvö önnur tilboð væru komin fram, annað munnlegt. Fyrirtækinu var boðið að ganga til samninga um kaupin gegn því að falla frá ákveðnum fyrirvörum sem gerðir höfðu verið um kaupin, en á það var ekki fallist.

Svanbjörn Thoroddsen, forstöðumaður viðskiptaþróunarviðs Straums-Burðarás, segir misskilning að EJS Group hafi verið í útboðsferli sem loka hefði átt á ákveðnum tímamarki. „Við vorum með fyrirtækið í sölu meðferð þar sem leitað var tilboða hjá nokkrum aðilum. Tilboð bárust svo ekki öll um leið þótt þannig hafi viljað til að opnuð voru samhlíða tilboð sem bárust á sama tíma. Daginn eftir barst svo annað tilboð. Í framhaldinu máttum við tilboðin og seljandi tók því hagstæðasta. Í því ferli var ekkert skrifitíð eða óeðlilegt,“ segir hann og kveður ekki hafa verið leitað fleiri tilboða eftir að þau fyrstu voru opnuð.

## Ætluðu sér aukið hlutafé til frekari fyrirtækjakaupa

Fyrrum stjórn Kögunar hafði sett niður á lista nokkur erlend hugbúnaðarfyrirtæki, sem félagið hafði áhuga að fjárfesta í, og átti að auka hlutafé fyrirtækisins til að fjármagna slík kaup. Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutafé um allt að 85 milljónir króna að nafnverði, sem hefði gefið félaginu fimm milljarða í kassann, var dregin til baka á aðalfundi í síðustu viku þegar ljóst þótti að hún myndi ekki fá stuðning tveggja þriðju hluta atkvæða.

Samkvæmt heimildum var búið að ákveða að semja við Straum-Burðarás um hlutafjárukning-

una á grundvelli tilboða sem hafði verið óskað eftir.

Örn Karlsson, stjórnarformaður Kögunar, dró tillöguna til baka eftir að Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, sem er stærsti hluthafinn, benti á að sú heimild til útgáfu nýs hlutafjár sem væri til staðar væri nægjanleg. Þar sem núverandi hluthafar áttu ekki að fá forkaupsrétt til kaupa að nýju hlutafé hefði útgáfa þess minnkað eignarhlut Símans og annarra hluthafa.

sjá síðu 10 / -eþa

Góð  
ávöxtun  
og lítil  
áhætta

Góð og örugg  
ávöxtun á lausafé fyrir  
einstaklinga, fyrirtæki,  
sveitarfélög og aðra fjárfesta.  
Kynntu þér ótvíræða kosti  
Peningabréfa hjá ráðgjöfum  
Landsbankans.

10,3%

Peningabréf  
Landsbankans

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluáðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslysingar og útdráttar úr útboðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

\*Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. febrúar–28. febrúar 2006.

**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis	3%	20%
Alfesca	11%	-3%
Atorka Group	-6%	-3%
Bakkavör	7%	4%
Dagsbrún	4%	13%
FL Group	8%	35%
Flaga	-5%	-31%
Glitnir	3%	10%
KB banki	9%	23%
Kögun	7%	13%
Landsbankinn	9%	9%
Marel	7%	13%
Mosaic Fashions	2%	-6%
Straumur	5%	13%
Össur	3%	2%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Minni karfakvóti

Sjávarútvegsráðuneytið hefur gefið út reglugerð um að úthafskarfakvótinn á yfirstandandi almanaksári verði 28,6 þúsund tonn. Þetta er 17 prósentum minna en á síðasta ári en kvótinn stóð í 55.000 tonnum í nokkur ár þar á undan. Í Morgunkorni Glitnis kemur fram að HB Grandi hafi mestra hagsmuna að gæta af veiðum á úthafskarfa af íslensku sjávarútvegsfélögum en félagið á um 30,5 prósent af úthafskarfakvótanum. Ef næst að veiða kvótann í ár má áætla að aflaverðmæti úthafskarfa geti numið tveimur milljörðum króna.

- jab



KARFI Kvótinn hefur minnkað mikið síðastliðin ár.

## Lausafé ekki vandinn

Credit Sights dregur í land en telur markað með skuldabréf bankanna hafa raskast að undanförunu.

Matsfyrirtækið Credit Sights hefur sent frá sér skýrslu byggða á gögnum sem KB banki og Landsbanki Íslands sendu frá sér til að sýna fram á góða lausafjárstöðu sína, að áhætta þeirra gagnvart íslensku efnahagslífi sé lítil og gjaldmiðlaáhætta takmörkuð. Segir fyrirtækið fjármögnun helsta Akkilearhæl íslensku bankanna og að tvær hættur séu í stöðunni. Annars

vegar hafi markaðurinn raskast svo rækilega að hann muni ekki vilja kaupa skuldabréf þeirra og hins vegar að kostnaður bankans af fjármögnun muni hækka.

Í skýrslunni er tekið fram að engin ástæða sé til að hafa áhyggjur af lausafjárstöðu bankanna. Það sem hins vegar sé hugsanlegt áhyggjuefni er að bankarnir þurfi að fullvissa markaðinn um það.

- hhs



## Glitnir birtir róandi upplýsingar

Glitnir hefur fetað í fótspor KB banka og Landsbankans og sent frá sér frekari upplýsingar um fjármögnun og fjármögnunarbörf bankans. Er því ætlað að varpa ljósi á stöðu Glitnis og leiðréttá misskilning sem gætt hefur í umræðu um fjármögnun bankanna.

Í tilkynningunni segir að endurfjármögnunarbörf bankans sé á bilinu 1,85-2,7 milljarðar evra. Dótturfyrirtæki bankans í Noregi sjái sjálf um fjármögnun sína að mestu í gegnum sterka innlánastöðu sína og norska hlutabréfamarkaðinn. Lausafjárstaða Glitnis hefur batnað á árinu. Bankinn hefur aflað 1,4 milljarða evra á alþjóðlegum markaði á síðastliðnu ári og endurfjármögnunarbörf þessa árs hefur þegar verið mætt.



HÖFUÐSTÖÐVARNAR AÐ KIRKJUSANDI Meðal þess sem kemur fram í tilkynningu frá bankanum er að gjaldmiðlaáhætta bankans sé takmörkuð.

Jafnframt kemur fram að stærstur hluti eigna og skulda Glitnis sé í erlendum gjaldmiðlum og allt mismræmi milli eigna og skulda sé meðhöndluð af ýrústu varkárni. Gjaldmiðlaáhætta sé þar að auki takmörkuð þar sem mestur hluti af lánnum bankans fari til erlendra viðskiptavina hans með tekjur eða eignir í erlendri mynt.

- hhs

## Íslendingar fá 43 milljónir

Norræni fjárfestingarbankinn skilaði fjórtán milljarða króna hagnaði á síðasta ári sem samsvavar 165 milljónum evra. Dróst hagnaður saman um sjö milljónir evra frá árinu áður vegna lækkunar á markaðsvirði hlutabréfa í eigu bankans.

Útlánavöxtur varð hjá bankanum um fjórtán prósent og jukust hreinar vaxtatekjur á milli ára.

Eigendur bankans, Norðurlöndin fimm og Eystrasaltsríkin þrjú, munu fá greidda um 4,7 milljarða, eða 55 milljónir evra, í arð fyrir síðasta ár. Íslendingar eiga um 0,93 prósent hlutafjár og fá því um 43 milljónir króna í sinn hlut.

Heildareignir Norræna fjárfestingarbankans námu 1.545 milljónum króna í árslok.

- eþa

## Sjávarútvegurinn vanmetinn

Framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu er mun meira en þjóðhagsreikningar gefa til kynna og er þýðing hans fyrir íslenskt hagkerfi vanmetið í opinberum gögnum. Þetta kemur fram í grein þeirra Ragnars Árnasonar, prófessors í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, og Sveins Agnarssonar, fræðimanns við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, í nýjasta hefti Fjármálatíðinda, sem kom út á mánudag.

Í greininni kemur fram að á fimmta áratug síðustu aldar hafi útflutningstekjur af sjávarútvegi numið 95 prósentum af útflutningi landsmanna. Við lok aldarinnar hafi hluturinn verið kominn í 60 prósent en láti nærri að 10. hver landsmaður hafi unnið



LANDAÐ ÚR SMÁBÁTI Framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu er talið vanmetið.

við sjávarútveg. Leiða þeir líkum að því í niðurstöðum sínum að sjávarútvegurinn sé ennþá grunnatvinnuvegur á Íslandi.

Er þeim ekki kunnugt um að sömu aðferð hafi verið beitt áður í þessu skyni við könnun á öðrum greinum og mæla til þess að henni sé beitt til að kanna hvort fleiri atvinnugreinar fylli flokk grunnatvinnuvega hér á landi.

- jab

## Grunur verður tilkynningaskyldur

Í nýju lagafrumvarpi um peningabætti er hverjum sem tekur við greiðslu yfir 15.000 evrum gert skylt að krefjast skilríkja og halda gögn um viðskiptin í fimm ár.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Í nýju frumvarpi til laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem leggja á fyrir Alþingi á næstunni er gert ráð fyrir stóru aukinni upplýsingaskyldu þeirra sem taka við peningum sem greiðslu, leiki vafi á persónuupplýsingum þess sem leggur fram peningana, eða ef uppi er „grunur“ um peningabætti eða tengsl við hryðjuverkastarfsemi. Skal þá lögreglu gert viðvart og hún rannsaki málið. Verði frumvarpið að lögum er með því tekin upp og heimfærð tilskipun Evrópusambandsins um sömu mál.

Samkvæmt frumvarpinu og Evróputilskipuninni er hverjum þeim sem tekur við greiðslu yfir 15.000 evrum, eða sem nemur 125 til 130 þúsund krónum, vegna sölu eða þjónustu skylt að kanna áreiðanleika þess sem hann á viðskipti við. Þannig skal krefja viðkomandi um gild persónuskilríki eða ef um fyrirtæki er að ræða, vottorð úr fyrirtækjaskrá, og veita ljósrit af skjölunum í að minnsta kosti fimm ár frá því að viðskiptunum lýkur. Meðal ann-

arra tilkynningaskyldra aðila sem samkvæmt frumvarpinu eiga að krefja viðskiptamenn sína um slíkar upplýsingar eru fjármálafyrirtæki, líftryggingafélög og tryggingasjóðir, váttryggingamiðlarar, endurskoðendur og lögfræðingar.

Nokkur umræða hefur verið í lögfræðingastétt hvernig fari saman upplýsingagjöf vegna grunnlegra viðskipta og trúnaðarskylda þeirra við umbjóðendur sína. Samkvæmt frumvarpinu eru lögmenn hins vegar bara tilkynningaskyldir þegar þeir koma fram fyrir umbjóðendur sína í fjármála- eða fasteignaviðskiptum, eða þegar þeir aðstoða við framkvæmd eða skipulagningu kaupa eða sölu, eða sjá um umsýslu peninga fyrir þá.

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands, segir félagið ekki hafa séð sér fært að gefa fjármálaráðuneytinu álit sitt á frumvarpsdrögum sem það fékk sent vegna þess hve knappur tími var gefinn til þess. „En við tjáum okkur um frumvarpið þegar það fer fyrir þingið. Þá tekur laganefnd félagsins það til umfjöllunar.“ Ingimar segir frumvarpið í takt við hertar aðgerðir gegn peningabætti og hryðjuverkastarfsemi annars staðar í heiminum. Hann taldi varla að frumvarpið bryti í bága við trúnaðarskyldu lögmanna,

enda yrði væntanlega að vera til staðar rökstuddur grunur um brot auk óvissu um uppruna peninga áður en til tilkynningaskyldu kæmi. „Svo er það nú þegar þannig samkvæmt síðareglum lögmanna að þeir mega ekki vinna fyrir einhvern sem þeir vita ekki hver er.“



Við færum þér fjármálaheiminn

# E\*TRADE

Nú býst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E\*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.

Kynntu þér málið á [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)



## IP net Símans

### Hvað er í boði á IP neti Símans:

- **Viðskiptamiðja**  
Gerir fyrirtækjum kleift að senda gögn rafrænt á milli ólíkra bókhaldskerfa.
- **Tal yfir IP**  
Hjálpar þér að lækka símakostnað.
- **Forgangsröðun gagna**  
Skapar betri nýtingu á bandbreidd.
- **Rekstur á víðneti**  
Við sjáum um að netkerfi þitt sé í lagi.
- **Tengir saman dreifðar starfsstöðvar**  
Örugg samskipti milli allra starfsstöðva á einkaneti fyrirtækisins.
- **Hámarks gagnaöryggi**  
Lokað og öruggt einkanet, einungis aðgengilegt þeim sem þú tilgreinir.
- **Einfalt og sveigjanlegt**  
IP netið er fyrir allar stærðir fyrirtækja.
- **Heimsgátt - IP netið um allan heim**  
Þú getur tengst IP netinu nánast hvar sem er í heiminum.
- **Kynntu þér fleiri kosti IP nets Símans á [siminn.is](http://siminn.is)**

# Fyrirtækið í form!

**IP net Símans** hjálpar fyrirtæki þínu í kapphlaupinu um að ná forystu á sínu sviði. Á IP netinu geta fyrirtæki tengt saman starfsstöðvar sínar á lokuðu og öruggu einkaneti fyrirtækisins. Þegar fyrirtæki stækka er einfalt að bæta við nýjum starfsstöðvum og stækka þannig einkanetið.

Ráðgjafar Símans hjálpa þér að velja þá lausn sem hentar þér best. Hafðu samband við viðskiptastjóra þinn eða ráðgjafa okkar í síma **800 4000** eða með tölvupósti á netfangið **8004000@siminn.is** og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig og þitt fyrirtæki.

800 4000 - [siminn.is](http://siminn.is)

**Síminn** 

## Kaupir í Camillo Eitzen

Straumur-Burðarás er orðinn þriðji stærsti hluthafinn í skipafélaginu Camillo Eitzen (CECO) sem er skráð í Kauphöllina í Osló. Markaðsverð félagsins er rétt um 27 milljarðar króna þannig að fimm prósent hlutur Straums er um 1,4 milljarða virði.



ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON FORSTJÓRI

Camillo Eitzen hefur vaxið hratt á síðustu misserum í kjölfar yfirtaka á öðrum félögum. Fyrirtækið skilaði fimm milljarða hagnaði á síðasta starfsári og jókst hann um tæp 40 prósent á milli ára. Tekjur félagsins námu 35 milljörðum króna á síðasta

ári sem var fimmtungshækkun frá fyrra ári.

Félagið beinir starfsemi sinni að gas- og efnaiðnaði, gámaflutningum og stundar auk þess viðtæka fjárfestingarstarfsemi innan skipaiðnaðarins. Sem dæmi um mikil umsvif Camillo Eitzen í yfirtökum og samrunum má nefna að um næstu mánaðamót sameinast renna dótturfélagið TESMA Holding og Strömme í eitt félag sem fær nafnið Eitzen Maritime Service. Nýja félagið verður að 55 prósentum hluta í eigu CECO.

- eþa

## deCode borgaði Kára 63 milljónir

Forstjórinn á hlutabréf fyrir 1,8 milljarða króna.

Launagreiðslur, auk bónusa og fríðinda, til dr. Kára Stefánsson, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, námu 63,3 milljónum króna á síðasta ári, rúmri einni milljón Bandaríkjadala.

Hækkuðu þau um meira en helming frá árinu 2004 en þessar upplýsingar koma fram í ársskýrslu deCode genetics. Hækkun milli ára er að miklu

leyti komin til vegna 300 þúsund dala bónusgreiðslu.

Kári átti 5,6 prósent hlut í deCode Genetics um miðjan febrúar, sem samsvarar tæpum 1,8 milljörðum króna að markaðsvirði. Kári er fjórði stærsti hluthafinn í deCode á eftir T. Rowe Price Associates, sem er stærsti hluthafinn með 12,6 prósent, AXA Financial (6,6 prósent)



DR. KÁRI STEFÁNSSON Þáði yfir 63 milljónum í launagreiðslur frá deCode á síðasta ári. Hann á hlutabréf fyrir 1,8 milljarða að markaðsvirði.

og SAPAC Corporation (5,9 prósent). - eþa

## Innlend áhætta er minnsti hlutinn


Heildaráhætta útlána bankanna er að stærstum hluta tengd erlendri starfsemi og lánunum.

Ljóst er að starfsemi fjármálafyrirtækja hér stendur traustum fótum, segja Samtök banka og verðbréfafyrirtækja og benda á að næmni lánveitinga fjármálakerfisins fyrir sveiflum í íslenska hagkerfinu minnki eftir því sem atvinnulífið verði alþjóðlegra.

Samtökin tóku saman greiningu á áhættu bankanna eftir því hvort lán þeirra tengdust fyrirtækjum með tekjur í innlendri eða erlendri mynt. „Niðurstaðan sýnir að í hefðbundinni greiningu væri erlend starfsemi bankanna að meðaltali 35 til 74 prósent, eða 57 prósent að vagnu meðaltali. Þegar tekið er tillit til íslenskra fyrirtækja með starfsemi erlendis er áhætta íslenskra bankakerfisins vegna erlendra starfsemi hins vegar að meðaltali á bilinu 62 til 84 prósent. Þannig nemur raunveruleg erlend áhætta að meðaltali fyrir bankakerfið í heild 73 prósentum og innlend áhætta því aðeins 27 prósentum,“ segja samtökin.

„Skuldastöðu íslenskra bankakerfisins ber því að meta í ljósi mikillar alþjóðlegrar starfsemi

### SKIPTING ÚTLÁNA ÍSLENSKU VIÐSKIPTABANKANNA



bankanna sjálfra sem og stærstu viðskiptavina þeirra,” segja Samtök banka og verðbréfafyrirtækja og benda á að þjóðhagslegt gildi fjármálaþjónustu hafi aukist verulega síðustu ár, framlag til vergrar landsframleiðslu hafi aukist úr um fjórum prósentum árið 1998 í um átta prósent nú, sem sé jafnhátt framlagi sjávarútvegs til landsframleiðslu.

- óká

## Einn dalur á hvern haus

Fyrir aðalfund hátæknifyrirtækisins Flögu Group, sem er skráð í Kauphöllina, liggur fyrir tillaga að stjórnarmenn fái einn Bandaríkjadala í laun fyrir störf sín á síðasta ári. Einn dalur samsvarar um sjöttu krónum.

Aðalfundur fyrirtækisins er haldinn á morgun, fimmtudag, en fyrir honum liggur jafnframt tillaga um að stjórnarlausn verði 600 þúsund krónur á þessu ári. Hlutabréf í Flögu hafa lækkað um fjörutíu prósent á einu ári.

- eþa

## Metár í sögu Kauphallarinnar

Bjarni Ármannsson hefur látið af störfum sem stjórnarformaður Verðbréfafabings. Vænst er skráningar færayskra félaga í Kauphöll Íslands á árinu.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Á aðalfundi Verðbréfafabings hf. sem haldinn var 16. mars kom fram að síðasta ár hefði verið metár í sögu Kauphallar Íslands. Verðbréfafabing er eignarhaldsfélag sem stofnað var sumarið 2002, en undir það heyrir Kauphöll Íslands hf. og Verðbréfaskráning Íslands hf.

Bjarni Ármannsson, fráfarandi stjórnarformaður Verðbréfafabings, upplýsti að hlutabréfaviðskipti hefðu verið fyrir 1.202 milljarða króna, meiri en nokkru sinni fyrr. Úrvalsvisitalan hækkaði um 65 prósent og sló með því fyrra met frá árinu 1996.

Þá var heildarvelta skuldabréfa sú næstmesta frá upphafi, 1.322 milljarðar króna, og velta á einum ársfjórðungi sú mesta frá byrjun, 507 milljarðar króna.

Kosin var ný stjórn Verðbréfafabings hf. Við stjórnarformennskunni tók Friðrik Jóhannsson, varaformaður Ingólfur Helgason og ritaristjórnar Þorgeir Eyjólfsson. Auk þeirra voru kosin í stjórn Tryggvi Pálsson, Óttar Pálsson, Finnur Sveinbjörnsson, Yngvi Örn Kristinsson, Halla Tómasdóttir og Gylfi Magnússon. Varamenn eru Björgólfur Jóhannsson, Jafet Ólafsson, Haukur Hafsteinsson, Tómas Örn Kristinsson, Helgi Sigurðsson, Finnur Rey Stefánsson, Sævar Helgason, Ágúst H. Leósson og Vilhjálmur Bjarnason. Samþykkt var á fundinum að stjórnarmenn fengju greiddar fyrir setuna 60.000 krónur á mánuði og stjórnarformaður 120.000 krónur. Varamenn fá greiddar 30.000 krónur fyrir hvern fund sem þeir sitja. Auk Bjarna létu af stjórnarsetu Þorkell Sigurjónsson og Ragnhildur Geirsdóttir.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir stefnt að frekari vexti og að því að laða til viðskipta fleiri erlend fyrirtæki og fjárfesta.



HORFT TIL FRAMTÍÐAR Bjarni Ármannsson, fráfarandi stjórnarformaður Verðbréfafabings hf., og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands og framkvæmdastjóri Verðbréfafabings, horfa yfir sviðið á aðalfundi Verðbréfafabings sem haldinn var á fimmtudaginn var.

MARKAÐURINN/E.ÓL.

Meðal helstu verkefni sem fyrir liggja á þessu ári segir hann vera frekari samhæfingu innlends fjármálaumhverfis því sem algengast er erlendis og stofnun lánamarkaðar með verðbréfi í samstarfi við Verðbréfaskráninguna og kauphallaraðila, sem vænst sé að muni stuðla að auknum seljanleika á markaðnum. Þá segir hann verið að hleypa af stokkunum iSEC nýjum markaði fyrir smá og millistór félög, auk þess sem áfram verði unnið að því að efla NOREX-samstarfið og að styrkja samstarfið við Færeysjar. Hann segir nýrra skráninga færayskra félaga að vænta á næstu misserum.

# Ekki bara spari að spara!

Hefðbundna safnið – 36% ávöxtun

**spron**  
VERÐBRÉF



# 414 1717

Hringdu í Microsoft þjónustulínu Tölvulistans og fáðu  
upplýsingar um notendaleyfi fyrir þitt fyrirtæki



**Microsoft®**  
GOLD CERTIFIED  
Partner

## VISSIR ÞÚ AÐ

Þú færð nýjustu útgáfur af Office og Windows ásamt fleiri forritum frá aðeins **1.500 kr. á mánuði\***

Fáðu hlutlaust og óháð mat á Microsoft leyfismálum fyrir þitt fyrirtæki. Láttu okkar sérfræðinga finna hagkvæmstu leiðina fyrir þig. Án allra skuldbindinga.

HRINGDU NÚNA Í SÍMA **414 1717**

\*Verð er án VSK og miðað við leigusamning fyrir fjórum tölvum eða fleiri

**TÖLVULISTINN**  
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK**  
Nóatúni 17  
Sími 562 6730

**AKUREYRI**  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400

## Bílar innkallaðir

Dýsk-bandaríski bílaframleiðandinn DaimlerChrysler greindi frá því á mánudag að fyrirtækið ætli að innkalla 268.800 bíla af gerðunum Dodge Durango, Dodge Caravan, Grand Caravan og Chrysler Town & Country vegna galla í rúðupurrkumótör bílanna. Bílarnir voru allir framleiddir í verksmiðju fyrirtækisins í Auburn Hills í Michiganríki í Bandaríkjunum á þessu ári og því síðasta.

Gallinn felst í því að mótör-



**DODGE DURANGO** Gallar voru í rúðupurrkumótör bíla af þessari gerð.

inn á það til að bíla með þeim afleiðingum að rúðupurrkurnar virka ekki. Þá hefur bandaríska bifreiðaeftirlitið jafnframt verið látið vita af gallanum, að því er fram kemur í tilkynningu frá DaimlerChrysler. - jab

## Aukin vinnesla í Noregi

Neysla á léttvíni og sterkum drykkjum hefur aukist mikið í Noregi en bjórneysla hefur dregist saman. Í útreikningum Norsku hagstofunnar um neyslu áfengis í landinu, sem birtar voru í síðustu viku, eru ekki tölur um neyslu heimabrudds, áfengis sem smyglað er til landsins og þess sem ferðamenn koma með inn í landið heldur aðeins þess sem keypt er í landinu.

Samkvæmt upplýsingum Norsku hagstofunnar skoluðu Norðmenn niður 61 lítra af léttvíni á síðasta ári en það er 5,5 prósentum meira en árið 2004.



**LÉTTVÍNSFLÓSKUR Í VERSLUN**

Sala á sterkum áfengum drykkjum jókst um 3 prósent á milli ára og nam 11,9 milljónum lítra.

Sala á bjór dróst hins vegar saman um tæpt prósent og var neyslan 2,3 milljónir lítra. Bjór trónir á toppnum yfir neyslu áfengra drykkja í Noregi en Norðmenn keyptu 247 milljónir lítra af bjór á síðasta ári. Rauðvín fylgir fast á eftir á listanum yfir vinsæla áfenga drykki í Noregi. Ástæðan fyrir aukinni léttvínneyslu Norðmanna liggur ekki ljós fyrir en að sögn norska dagblaðsins Aftenposten hafa Norðmenn tekið í auknum mæli upp venjur íbúa í Mið- og Suður-Evrópu hvað léttvínneyslu varðar. - jab

## Lægstu laun munu hækka í Bretlandi

Ríkisstjórn Bretlands greindi frá því á mánudag að lægstu laun í landinu muni hækka í október. Tímakaup yngsta aldurshópsins, 16 og 17 ára, hækkar um 30 pens og verður 3,30 pund eftir breytinguna. Lægstu laun 18 til 21 árs hækka um 20 pens og verða 4,45 pund eftir breytinguna. Þá hækka lægstu laun 22 ára og eldri um 30 pens, tæp 6 prósent, og muni lægsta tímakaupið verða 5,35 pund, jafnvirði rúmra 654 króna, eftir hækkinguna.

Launahækkanirnar eru sagðar fara illa í stjórnendur fyrirtækja í Bretlandi sem segja þetta gera fyrirtækjum erfitt fyrir. Hins vegar líkar verkalýðsforingjum



**GORDON BROWN** Vill hækka lægstu laun í Bretlandi.

vel við hækkingu lægstu launa en félögin hafa mikil áhrif innan breska Verkamannaflokksins.

Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, kynnir fjárhagsáætlun ríkisstjórnarinnar í breska þinginu í dag. - jab

## Aukaleikararnir vilja hærri laun

Fá 66 milljónum króna minna fyrir hvern þátt en aðalleikarinn í sjónvarpsþáttunum Sopranos-fjölskylduna.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson** skrifar

Sýningar á nýjustu þáttaröðinni um Sopranos-fjölskylduna hófust í Bandaríkjunum um miðjan mánuðinn. James Gandolini, sem fer með hlutverk Tonys Sopranos, fær eina milljón dollara, jafnvirði rúmlegra 69,6 milljóna íslenskra króna, fyrir hvern þátt. Aðrir leikarar eru sagðir horfa öfundaraugum til hans en þeir fá um 35.000 til 50.000 dollara, jafnvirði allt að tæplega 3,5 milljóna íslenskra króna, fyrir sömu vinnu. Samningsstaða þeirra er hins vegar talin hafa veikt nokkuð, m.a. vegna þess að færri horfðu á nýjustu þáttaröðina en vonir stóðu til.

Einungis 9,5 milljónir áhorfenda sáu fyrsta þáttinn í mars og er það 2,6 milljónum færri en sáu fyrsta þáttinn fyrir tveimur árum. Aðstandendur HBO sjónvarpsstöðvarinnar, sem framleiðir þættina, segja leikarana geta átt möguleika á launahækkunum ef áhorf á þættina aukist. Þá segja þeir ástæðuna fyrir minna áhorfi þá að á sama tíma sýni ABC-sjónvarpsstöðin nýjustu þáttaröðina af Aðþrengdum eiginkonum. Til samanburðar horfðu 22,2 milljónir áhorfenda á fyrstu þættina af Aðþrengdum eiginkonum, sem er 12,7 milljón áhorfendum fleiri en sáu fyrsta Sopranos-þáttinn.

Aðstandendur þáttanna benda á að þótt fáir hafi kveikt á imbakassanum þegar fyrsti Sopranos-þátturinn fór í loftið noti margir aðrar leiðir til að horfa á þá, s.s. kaupir þeir staka þætti hjá sjónvarpsveitum eða einfaldlega taki þá upp á myndband. Þeir sem nýta sér þessa möguleika eru hins vegar ekki á lista yfir þá sem sáu fyrsta þáttinn þegar hann var frumsýndur í sjónvarpi og því hljóti þeir að vera mun fleiri sem hafi séð þáttinn á endanum, að sögn HBO. - jab

**JAMES GANDOLINI** Hann þarf vart að hafa áhyggjur af fjárhagnum eftir leik í þáttunum um Sopranos-fjölskylduna.



## Góðgerðasamtök fá styrk

Forsvarsmenn Hróarskelduhátíðarinnar hafa látið jafnvirði tæpra 159 milljóna íslenskra króna renna til ýmissa góðgerða- og hjálparamtaka í Danmörku af andvirði miðasölu á hátíðinni á síðasta ári. Rúmlega 65.000 manns keyptu miða á Hróarskelduhátíðina í fyrri en búist var við 10.000 fleirum og óttuðust forsvarsmenn hátíðarinnar að hún myndi skila tapi.

Hróarskeldusamtökin, sem standa að tónlistarhátíðinni, högnuðust um 229.000 danskar krónur, tæpar 2,6 milljónir íslenskra króna, á miðasölu hátíðarinnar. Þá seldust matvörur, drykkir og ýmislegt annað á hátíðinni fyrir 155 milljónir danskra króna.

Undirbúningur er kominn á fullt skrið fyrir næstu Hróarskelduhátíð sem haldin verður dagana 29. júní til 2. júlí í sumar. Á henni koma fram 160 tónlistarmenn og hljómsveit-



**FRÁ HRÓARSKELDUHÁTÍÐINI 2005**

ir, m.a. Bob Dylan, Sigur Rós, Tool, Arctic Monkeys og Roger Waters, fyrrum meðlimur Pink Floyd, en hann mun flytja Dark Side of the Moon í heild sinni. Sama verk flytur hann í Egilshöll í Grafarvogi í Reykjavík 12. júní næstkomandi.

Búist er við að 75.000 gestum á hátíðina í ár. - jab

## „ÁHYGGJULAUS“

ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

Já, það er óþarfi að hafa áhyggjur því öflugt þjónustunet Flytjanda kemur sendingunni þinni örugglega til skila á sem skemmstum tíma og á sem hagkvæmasta hátt.

Þú einfaldlega hringir í **525 7800** og sérfræðingar okkar hjá viðskiptaþjónustu Eimskips sjá til þess að leiðin verði greið.

**Flytjandi**

**EIMSKIP**  
GREIÐ LEIÐ

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

MEMBER OF AVION GROUP

VIÐSKIPTA  
ÞJÓNUSTA  
EIMSKIPS  
525 7800

Hinn og haf / SIA





Endurnýjunar- og  
viðhaldskerfi fyrir þök



# Svo einföld getur lausnin á þakleka þínum verið



Eins og regnhlíf ver Pace® þakvarnarkerfið þakið fyrir raka og ryði. Hin teygjanlega, samskeytalaus gúmmihúð er mikið hagkvæmari kostur en að skipta um þak. Sparaðu með Pace®.



Fáðu þakið metið  
strax í dag þér að  
kostnaðalaus

**517 9177**

pace@coat.is

## Norsk vindorka

Roger Enoksen, orku- og olíumálaráðherra Noregs, sagði á norska þinginu á dögunum að ekki væri hægt að bíða lengur eftir því að fjárfesta í vindorku. Hefði ríkisstjórnin í bígerð að setja aukinn kraft í nýtingu vinds til raforkuframleiðslu.



Enova, raforkufyrirtæki sem m.a. er í eigu norska ríkisins, til að leggja grunninn að því að nýta vindorku til raforkuframleiðslu. Sagði hann vindorkuna vistvænan kost sem muni verða ódýrari kostur en önnur raforkuframleiðsla. - job

## Opera í Bangladess

Norska hugbúnaðarfyrtækiað Opera Software hefur gert samning við GrameenPhone, eitt stærsta farsímafyrirtækið í Bangladess, um notkun Opera Mini vafrans í farsímum fyrirtækisins.

GrameenPhone hefur 62 prósentu markaðshlutdeild í Bangladess og mun bjóða viðskiptavinum sínum upp á hala niður staðfærðri útgáfu af vafranum án endurgjalds.

Viðskiptavinir GrameenPhone eru 5,5 milljónir talsins.

Þá kveður samningurinn á um að farsímafyrirtækið muni jafnframt auglýsa vafrann í Bangladess en það er talið víst að muni auka notkun hans til muna.



FARSÍMI Margar gerðir farsíma geta notað vafrann frá Opera Software.

„Við erum mjög ánægðir yfir áhuga farsímafyrirtækja á Opera Mini vafranum,“ sagði Timo Bruns, aðstoðarframkvæmdastjóri farsímaeildarinnar hjá Opera Software, og bætti við að æ fleiri farsímafyrirtæki

sæju kosti þess að bjóða viðskiptavinum sínum upp á Opera Mini. Vegur vafrans hefur vaxið mikið en rúmlega 1,7 milljónir farsímanotenda hafa halað honum niður síðan hann varð aðgengilegur almenningi í janúar á þessu ári. - job

## Nýtt fyrirtæki með netsíma

Hleypt hefur verið af stokkunum nýju fjarskiptafyrirtæki „af næstu kynslóð“ í Bretlandi og Evrópu, en það er fyrirtækið VoipSmart. Fyrirtækið býður netsímaþjónustu og varð til með samruna spænska netsímafyrirtækisins Telecoms Solutions og hóps fjárfesta í Bretlandi og víðar í Evrópu, að því er segir í Communications News.

Þar spár greiningarfyrirtækið Analysys að útgjöld muni aukast vegna netsímafyrirtækja og þjónustu um sautján prósent á ári næstu fimm árin. VoipSmart segist gera ráð fyrir að velta 100 milljónum evra á sínu fyrsta starfsári. - óká



VOIPSMART Á NETINU VoipSmart ætla að bjóða símaþjónustu í Evrópu sem byggir á netstöðlum.

## Guðfaðirinn veldur Electronic Arts vandræðum

Erfiður í þróun en ólíkur hefðbundnum tölvuleikjum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Tölvuleikurinn Godfather, um hinn ítalskættaða Don Corleone, kom á markað í Bandaríkjunum í gær. Leikurinn hefur verið lengi í þróun og hefur valdið útgefanda hans, tölvuleikjaframleiðandanum, Electronic Arts (EA), miklum vandræðum.

Þegar EA tryggði sér rétt á tölvuleiknum fyrir um þremur árum var búist við að hann myndi slá öll met. Þróun hans hófst fljótlega og léði leikurinn Marlon Brando persónunni Don Corleone, sömu persónu og hann lék í samnefndum kvikmyndum, rödd sína. Mikið vatn er runnið til sjávar en leikurinn lést um mitt ár 2004.

EA er sagt hafa fram til þessa eytt á bilinu 10 til 20 milljónum Bandaríkjadala í gerð leiksins. Þá hefur gengi hlutabréfa í EA sömuleiðis lækkað nokkuð en í júlí sl. lækkaði gengi fyrirtækisins um 5 prósent þar sem leikurinn kom ekki á markað um sumarið eins og fyrirhugað var.

EA tilkynnti í síðasta mánuði að leikurinn kæmi út í lok þessa mánaðar og myndi hann kosta 49,95 dollara út úr búð. Fljótlega sáu forsvarsmenn EA hins vegar að fáir voru tilbúnir til að opna veskið og lækkuðu verðið um tíu dollara.

Leikurinn er sagður vera einn af flóknustu leikjum í framkvæmd til þessa. Þátttakendur færast ekki á milli borða eins og í flestum leikjum heldur geta



ÚR TÖLVULEIKNUM Til að gera leikinn sem raunverulegastan léði Marlon Brando persónunni Don Corleone rödd sína.

þeir reynt fyrir sér í hinum ólíku greinum mafúheimsins. Þá eru þrenn ólík endalok í leiknum, þ.á.m. ein sem svipa til endis fyrstu kvikmyndarinnar.

„Þetta hefur verið mjög erfitt verkefni en okkur hefur tekist að breyta leiknum frá því að vera hefðbundinn til þess að vera óvenjulegur,“ sagði David De Martini, einn af yfirmönnum teymisins sem þróaði leikinn, í samtali við breska blaðið Financial Times.

Leikurinn um Guðföðurinn kemur út í Evrópu á föstudag.

### SÖGUHORNID

## Fyrsta kvikmyndin tekin upp

Á sunnudag voru liðin 111 ár síðan fyrsta kvikmyndin var tekin upp. Um var að ræða 45 sekúndna myndskaið sem bræðurnir Louis og Auguste Lumière tóku af starfsmönnum Lumière fjölskylduverksmiðjunnar á heimleið að loknum vinnudegi.

Bræðurnir, sem voru rétt rúmlega þrítugir þegar þeir gerðu myndina, höfðu unnið hjá föður sínum við ljósmyndun og framköllun. Fyrirtæki föður þeirra var mjög stórt á þess tíma mælikvarða og var á tímabili eitt af stærstu ljósmyndaframtækjum í heimi á eftir Kodak. Það mun hafa verið faðir þeirra, Antoine Lumière, sem sá eina af fyrstu sýningarvélunum í París og heillaðist af hugmyndinni. Vélin, sem samstarfsmaður Thomasar Edisons fann upp, sýndi margar samhangandi ljósmyndir í hring. Ræman með myndunum var ekki löng og birtust þær því aftur eftir skamma stund. Það var hins vegar fjarri að margir gætu notið myndanna því áhorfandi þurfti að horfa ofan í lítið gat til að virða herlegheitin fyrir sér.

Svo hrifinn varð Lumière eldri að hann skipaði sonum sínum að ná myndunum úr kassanum.

Þegar faðirinn settist í helgan stein árið 1892 hófust bræðurnir handa við að búa til hreyfimyndir. Eitt af mikilvægustu uppfinningum þeirra voru hok í filmunum, sem gerðu það að verkum að hægt var að rúlla filmu í gegnum sýningarvél á tannhjól. Fengu þeir einkaleyfi fyrir þessa merkilegu uppfinningu sína, auk tækis sem hægt var að nota jafnt til upptöku og sýninga í febrúarmánuði 1895. Notuðu þeir sömu vél við upptöku fyrstu myndarinnar, sem var frumsýnd í París 28. desember sama ár.

Bræðurnir ferðuðust víða um heim með kvikmyndatökvélina og tóku upp fjölda mynda svo sem stutta myndskaið af lest sem kemur að lestarstöð.

Þegar á leið fannst bræðrunum sem kvikmyndirnar ættu sér litla framtíð. Svo ómerkileg fannst þeim uppfinningin að þeir sáu ekki tilgang þess að taka kauptilboði Georges Méliés, franska frumkvöðulsins á sviði



KVIKMYNDATÖKVÉL INGMARS BERGMAN Vélarnar hafa breyst mikið frá því Lumière-bræður tóku fyrstu kvikmyndirnar.

kvikmyndalistarinnar, og lögðu skóna á hilluna til að snúa sér að þróun litalljósmyndunar. Árið 1903, átta árum eftir að þeir frumsýndu fyrstu kvikmyndina, fengu þeir svo einkaleyfi fyrir ákveðið vinnsluferli á sviði litalljósmynda.

Það er ljóst að Lumièrebræðurnir höfðu heldur en ekki rangt fyrir sér hvað framtíð kvikmyndanna varðar en þær hafa lifað góðu lífi síðastliðin 111 ár.

**MARS**

Kafbátur mánaðarins

**Pizzabátur**

með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



6 tommu bátur **kr. 299**

12 tommu bátur **kr. 598**

**SUBWAY**



ég horfi. ég uppgötva. ég mynda. ég endurspegla.  
ég heiti Jonathan Torgovnik og ég nota SanDisk®.


Bollywood, Ellis Island, Ísraelsher. Jonathan Torgovnik hefur sýnt okkur innviði alls þessa. Sýnt okkur sannindi sem við hefðum aldrei getað gert okkur í hugarlund. Og það er að hluta til SanDisk Extreme® III minnskortunum að þakka. Þau eru hraðvirkustu minnskort SanDisk, hönnuð til að skila sínu við erfiðustu aðstæður. Svo traust að nafntogaðir fagmenn um heim allan kjósa þau fram yfir önnur. Það er vissulega áhrifamikil staðreynd.



SanDisk Extreme III  
CompactFlash®



SanDisk  
Extreme III  
SD™



SanDisk Extreme III  
Memory Stick PRO™

WWW.SANDISK.COM



**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVÆRSLUN • SÍÐUMULA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

**SanDisk**

STORE YOUR WORLD IN OURS™

SanDisk, SanDisk-merkið, SanDisk Extreme og CompactFlash eru vörumerki SanDisk Corporation, skrásett í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Store Your World in Ours er vörumerki SanDisk Corporation. SanDisk er viðurkenndur leyfishafi SD-vörumerkisins. Memory Stick PRO er vörumerki Sony Corporation. Önnur vöruheiti eru nefnd hér einungis til samsömunar og geta verið vörumerki viðkomandi handhafa. © 2005 SanDisk Corporation. Allur réttur áskilinn. 1 megabæti (MB) = 1 milljón bæta. 1 gígabæti (GB) = 1 milljarður bæta. Eitthvað af skráðu minni er notað í forsníð og aðrar aðgerðir og er því ekki tiltækt til gagnavistunar.



**NOKKRIR AF STJÓRNENDUM KÖGUNAR** Mynduðu fyrir aðalfund bandalag við Straum sem tryggði þeim meirihluta innan stjórnar. Sú ákvörðun stjórnenda að kaupa hlutafé rétt fyrir aðalfund bendir eindregið til þess að þeir meti félagið á hærra virði komi til yfirtöku af hálfu Símans og Exista. Markaðurinn/GVA

# Beðið við símann í Kögun

Stjórnendur Kögunar og aðrir stórir hluthafar virðast vera reiðubúnir að selja hlutabréf sín til stærstu hluthafanna, Exista og Símans, fyrir viðunandi verð. Síminn taldi sig vera kominn með samkomulag um skiptingu innan stjórnar Kögunar þegar stjórnendur keyptu hlutafé og náðu meirihluta í stjórn Kögunar með fulltingi Straums. Vopnin eru í höndum Símans og Exista en völdin í höndum stjórnenda og Straums, skrifar *Eggert Þór Aðalsteinsson*.

„Þessi aukni áhugi á félaginu ætti að vera núverandi hluthöfum fagnaðarefni,” sagði Örn Karlsson, stjórnarformaður Kögunar, á dramatískum aðalfundi félagsins sem haldinn var í síðustu viku. Vísaði hann þar til kaupa Exista og Símans á 39 prósentu hlut í Kögun, stærstu samsteypu landsins í hugbúnaðargeiranum. Þrátt fyrir þessa sterku stöðu félaganna tveggja eru þau í minnihluta innan stjórnar eftir að stjórnendur Kögunar, í samstarfi við Straum-Burðarás, náðu þremur stjórnarsætum af fimm með 56 prósentum atkvæða fundarmanna.

Stjórn Kögunar skipa: Örn og Vilhjálmur Þorsteinsson hugbúnaðarhönnuður, fyrir hönd stjórnenda, Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, og Orri Hauksson, framkvæmdastjóri hjá Símanum, fyrir hönd Símans og Exista, og Guðmundur Þórðarson, framkvæmdastjóri hjá Straumi-Burðarási.

## ÞRYST Á YFIRTÖKU

Síminn eignaðist tæplega 27 prósentu hlut í Kögun snemma í febrúar síðastliðnum með kaupum á bréfum sem áður voru í eigu FL Group og Straums-Burðarás. Síminn leit á Kögun sem vænlegan fjárfestingarkost með frekari samtvinnun fjarskiptatækni og upplýsingatækni og vera í forystuhlutverki í þeirri trú að félögin tvö ættu sameið á mörgum sviðum. Þá hafa verið mikil viðskipti milli Símans og félaga í Kögunarsamstæðunni í gegnum tíðina.

Exista, stærsti hluthafinn í Símanum, keypti sjálfst um tíu prósent af KB banka nokkrum dögum síðar til viðbótar við það eina prósent sem fjárfestingarfélagið átti fyrir.

Nokkra daga á eftir fóru Exista og KB banki, hluthafi í Exista og Símanum, saman með yfir fjórutíu prósent hlutafjár í Kögun og kannaði Yfirtökunefnd hvort yfirtökuskylda hefði myndast en ákvað að aðhafast ekkert frekar þar sem eignarhlutur KB banka í Símanum náði ekki þriðjungi atkvæða.

Þegar Síminn kom inn í hluthafahóp Kögunar voru stjórnendur hans spurðir hvað þeir hygðust fyrir og þeir svöruðu að ekkert hefði verið ákveðið, einungis að þeir vildu fara inn í Kögun og kynna sér reksturinn og markmiðin.

Samkvæmt heimildum munu stjórnarmenn í Kögun hafa óskað eftir því við Símann að hann færi í yfirtöku því það væri ómögulegt fyrir aðra hluthafa að eiga bréf í Kögun ef Síminn og tengdir aðilar ætluðu að „hanga“ í 39 prósentum og ekkert segja hvað

þeir hygðust fyrir. Það myndi að mati annarra stórra hluthafa skaða hlutabréfaverð í Kögun.

Síminn svaraði því þannig að hann ætlaði ekki að fara í yfirtöku og hefði ekki hugmyndir um slíkt. Þó er ljóst að Síminn tekur ekki yfir Kögun með lántöku einni saman vegna ákvæða í samningum við lánardrottina. Annað gildir hins vegar um Exista.

## VANMÁTU STRAUM OG STJÓRNENDUR

Síminn og Exista höfðu óskað eftir því að fá þrjú menn í stjórn og þeir tveir sem eftir sætu yrðu þeir Örn Karlsson og Vilhjálmur Þorsteinsson hugbúnaðarhönnuður, fyrir hönd stjórnenda Kögunar. Þriðji fulltrúi Símans yrði óháður stjórnarmaður, það er Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis, sem náði ekki kjöri á endanum. Sjálfgefið þótti að Gunnlaugur M. Sigmundsson, forstjóri Kögunar, og Ingimundur Sigurpálsson færu út úr stjórninni. Höfðu Símamenn talið sig örugga með hreinan meirihluta án þess að þurfa að fara í yfirtöku.

Stærstu mistök Símans og Exista í þessum slag kunna að hafa legið í því að halda að Straumur hefði ekki áhuga á sæti í stjórninni og væri eins konar þögull hluthafi en Straumur og dótturfélagið Iða eiga yfir fimmtán prósent hlutafjár í Kögun. Því tækjust á tvær blokkir, annars vegar Síminn og hins vegar stjórnendur og starfsfólk Kögunar, en ekki þeir hópar eins og síðar kom á daginn.

Á þriðjudegi - daginn fyrir aðalfund - kom tilboð á markaðsverði frá ónefndum fjárfesti í eigin hlutabréf Kögunar sem stjórn samþykkti. Eftir því sem næst verður komist munu stjórnendur Kögunar, sem standa að eignarhaldsfélaginu Teton, hafa talið að staða þeirri væri það ótrygg að ekki væri á vísan að róa að fá tvo stjórnarmenn og myndu því klemmast á milli Símans og Straums með aðeins einn mann. Keyptu þeir því þrjú prósent á þó nokkru yfirverði og greiddu sjötíu krónur fyrir hvern hlut. Hlutur Tetons fór því í 11,8 prósent.

Spurður hvort samkomulag um skiptingu stjórnar hefði legið fyrir aðalfundinn svarar Brynjólfur Bjarnason því þannig: „Menn höfðu rætt saman hvernig skipan stjórnarinnar gæti verið.“

## ÚTRÁSIN SÖLTUÐ Í BILI

Á aðalfundi Kögunar kom fram að áætluð velta félagsins á þessu ári yrði 21 milljarður króna en þá hefur ekki verið tekið tillit

til kaupa Kögunar á 58 prósentu hlut í EJS. Ljóst er að Kögun hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum. Velta félagsins var um fjórir milljarðar króna árið 2004 og 17,4 milljarðar á síðasta ári.

Hraður vöxtur félagsins beinist nú að erlendum miðum. Á hluthafafundinum umrædda vakti mikla athygli að fyrrum stjórn dró til baka tillögu um að hún fengi heimild til að auka hlutafé félagsins um 85 milljarða, eða fimm milljarða að markaðsverði, sem yrði meðal annars nýtt til að greiða niður skammtímaskuldir vegna nokkurra fjárfestinga. Brynjólfur Bjarnason stóð upp og benti á að fyrir væri heimild til að auka hlutafé Kögunar um fjórutíu milljónir króna, um 2,8 milljarða að markaðsverði, sem ætti að nægja. Taldi hann að tillaga stjórnar væri ekki tímabær þar sem stjórnin hefði ekki útskýrt hvernig heimildinni yrði ráðstafað.

Samkvæmt upplýsingum sem komu ekki fram á fundinum ætlaði stjórnin að nýta aukna heimild til frekari fjárfestinga erlendis og voru nokkur erlend félög á lista stjórnar. Samkomulagi var komið á við Straum um ráðgjöf vegna verkefnisins og umsjón með hlutafjárukningunni. Þessi útrás átti að stuðla að frekari vexti Kögunar og væntanlega meiri hækkingum á hlutabréfaverði.

## SPILAÐ UPP Á YFIRTÖKU?

En hver eru næstu skref í Kögun? Víst er að stjórnendur Kögunar og Straumur halda meirihluta innan stjórnar en Exista og Síminn eru í þeirri stöðu að gera yfirtökutilboð með því að bæta við sig einu prósentu hlutafjár eða svo. Miðað við þann herkostnað sem Gunnlaugur M. Sigmundsson og félagar í Teton hafa lagt út í með miklum kaupum á hlutabréfum munu hvorki þeir né aðrir stórir hluthafar selja hluti sína til Símans og Exista á núverandi markaðsgengi.

Þótt aðstæður séu vissulega einkennilegar í Kögun, þar sem hvorki ríkir vopna- né valdajafnvægi, er vart hægt að skynja mikla gremju eða reiði milli hluthafahópa sem gæti truflað starfsemi félagsins. Verður vart annað skilið en að stjórnendur Kögunar og Straumur séu reiðubúnir til að selja bréf sín fyrir viðunandi yfirtökuverð.

## 15 STÆRSTU HLUTHAFARNIR Í KÖGUN HINN 20. MARS

1	Síminn	26,94%
2	Teton ehf.	11,79% *
3	Exista	11,04%
4	Straumur-Burðarás	8,78%
5	Iða fjárfesting	6,83% **
6	Fjárfestingarfélagið Máttur	3,63%
7	Gildi - lífeyrissjóður	2,71%
8	Landssjóður hf., úrvalsbréfadeild	2,38%
9	Meson Holding S.A.	1,71% ***
10	Kögun	1,64%
11	Lífeyrissjóður Vestfirðinga	1,47%
12	K13 Holding S.A.	1,13% ****
13	Kaupþing banki	0,97%
14	Arion safnreikningur	0,94%
15	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	0,92%

\* Eigendur Teton eru Gunnlaugur M. Sigmundsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Örn Karlsson

\*\* Dótturfélag Straums

\*\*\* Félag í eigu Vilhjálms Þorsteinssonar

\*\*\*\* Félag í eigu Arnar Karlssonar

# TAKTU NÆSTA SKREF AÐ TAKMARKKINU

LÆGRI  
LÁNTÖKU  
KOSTNAÐUR

ALLT AÐ  
75%  
LÁNS  
HLUTFALL

ÞEKING &  
ÞJÓNUSTA

## ATVINNUHÚSNÆÐISLÁN

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa á atvinnuhúsnæði. Lánin eru verðtryggð og geta numið allt að **75% af kaupverði fasteignar**. Þú velur húsnæðið sem hentar þér – okkar markmið er að veita framúrskarandi þjónustu á sanngjörnum kjörum. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í **540 5000** eða sendu okkur póst á [frjalsi@frjalsi.is](mailto:frjalsi@frjalsi.is). Þú vinnur betur í eigin húsnæði!

  
**FRJÁLSI**  
FJÁRFESTINGARBANKINN



LAUFey GUðJÓNSDÓTTIR,  
FORSTÖÐUMAÐUR  
KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR  
ÍSLANDS

Í fyrra voru 378 milljónir ætlaðar kvikmyndageiranum, sem er ívið minna en fer til dæmis til Þjóðleikhússins eingöngu ... í þeirri upphæð er allt er snýr að kvikmyndamálum. Til dæmis framleiðsla á kvikmyndum, handritastyrkir, kynningar á íslenskum myndum í útlöndum og þátttaka í alþjóðlegu starfi.



## Íslenskir kvikmyndaframleiðendur arkitektar evrópskrar samfram

Ýmislegt í umhverfi íslenskrar kvikmyndagerðar hefur breyst á síðastliðnum fimm títum. Ar hafa verið jákvæðar þótt smæð markaðarins og skortur á fjármagni standi framförum. Helga Sigurðardóttir talaði við þrjá einstaklinga sem lifa og hrærast í heimi kvikmynd

Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, segir að gróflaga megi merkja fjóra vendipunkta í þróun kvikmyndaframleiðslu á Íslandi. Fyrst beri að nefna þegar Kvikmyndasjóður var stofnaður árið 1979. Annar vendipunktur hafi orðið í kringum 1985 þegar Hrafninn flýgur var gerð með þátttöku Svía með breiðari fjármögnun en áður þekktist. Árið 1992 þegar Börn náttúrunnar voru tilnefnd til Óskarsverðlauna vaknaði fyrst verulegur áhuga fagaðila á íslenskri kvikmyndagerð og því fylgdi frekara samstarf. Fjórði punkturinn var svo samningur sem gerður var árið 1998 milli menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis um stefnumörkun til að auka fjárfraðslu og fjölda kvikmynda á Íslandi. Sá samningur var gerður til fjögurra ára ener útrunninn núna og verið er að vinna

í því með menntamála- og fjármálaráðuneyti að fá hann endurnýjaðan sem og samning við Félag kvikmyndagerðarmanna.

### 378 MILLJÓNIR TIL KVIKMYNDA Í ÁR

Miðað við hve miklu er varið til hinna ýmsu lista- og menningargreina er hlutur kvikmynda heldur rýr. „Í fyrra voru 378 milljónir ætlaðar kvikmyndageiranum sem er ívið minna en fer til dæmis til Þjóðleikhússins eingöngu,“ segir Laufey. Í þeirri upphæð er allt er snýr að kvikmyndamálum. Til dæmis framleiðsla á kvikmyndum, þar með talið heimilda- og stuttmyndum, handritastyrkir, kynningar á íslenskum myndum í útlöndum og þátttaka í alþjóðlegu starfi. Þetta þykir Laufeyju lítið fjármagn miðað við hvað framleiðendur leggja á móti til íslenskrar menningar, fyrir utan þá landkynningu og þann slagkraft sem verður til við kvikmyndagerð, enda hefur Kvikmyndamiðstöð verið gagnrýnd fyrir að veita ekki hærri styrki í hvert verkefni. Laufey útskýrir það með því að Kvikmyndamiðstöðin hafi sjálf undanfarnin ár einungis haft um 170 milljónir árlega sem eru eyrnamerkar beinum framlögum til handa bíómyndum. Færu allir þeir peningar í eina eða tvær myndir dygði það engan veginn til að halda lágmarksstarfsemi til þess að iðnaðurinn, með lágmarksfagþekkingu og -reynslu, fái þrífist hér á landi. Eins má nefna lög um 12 prósent endurgreiðslur vegna framleiðslukostnaðar sem til fellur hér á landi.

### BRANSINN KALLAR Á FJÁRMAGN

Kvikmyndagerð er dýr og sérhæfður bransi og mjög háður fjármagni. Þess vegna leita kvikmyndagerðarmenn út fyrir landsteinana eftir því fjármagni sem upp á vantar. Laufey segir íslenska kvikmyndagerðarmenn í raun hafa verið arkitekta að því evrópska samframleiðslumódeli sem algengt er í dag. Dæmigert framleiðslumódel hér á landi sé þannig að 25 til 40 prósent kostnaður er borgaður með innlendum styrkjum og restina verður að sækja annars staðar frá. Aðrar þjóðir hafa tekið sér þetta módel til fyrirmyndar. Til að mynda þótti eðlilegt á Norðurlöndunum fyrir tíu árum að ríkið styrkti um 90 prósent af framleiðslukostnaði. Nú er það hlutfall komið mun neðar og er kannski í 30 til 40 prósentum eins og héraðs. „Munurinn milli landanna er helst sá að erlendir framleiðendur fá breiðari fjármögnun í heimalandi sínu. Kvikmynd í Danmörku sem kostar 150 til 170 milljónir í framleiðslu fær til dæmis um 50 milljónir í styrk úr þarlandum Kvikmyndasjóði. Því til viðbótar fást 30 til 35 milljónir frá sjónvarpsstöð. Þessu er ekki fyrir að fara hér, íslenskir framleiðendur fá kannski 2 til 5 milljónir frá sjónvarpsstöðvunum ef þeir eru heppnir. Hér borga sjónvarpsstöðvarnar langtum minna en þær eru að fá fyrir peningana sem þær leggja í framleiðsluna.“

Kynningar erlendis eru veigamikill þáttur í markaðssetningu kvikmynda og Kvikmyndamiðstöð tekur þátt í þeim. Þær nýt-

### FRAMLEIÐSLUSTYRKIR KVIKMYNDASJÓÐS 2006

Fyrirtæki	Titill	Leikstjóri/Höfundur	Upphæð
Kakali	Óvinafagnaður	Friðrik Þór Friðriksson	72.000.000
Taka	Utan þjónustusvæðis	Ari Kristinsson	25.000.000
Zik Zak	Good Heart	Dagur Kári	45.000.000
Storm	Virkjunin	Björn Br. Björnsson	40.000.000
Saga Film	The Journey Home	Liv Ullmann	15.000.000
Sögn	Mýrin	Baltasar Kormákur	45.000.000
Kvikmyndafélag Íslands	Astrópía	Otto G. Borg / Ævar Grímsson	37.000.000
Umbi	Veðramót	Guðný Halldórsdóttir	45.000.000



# Kvikmyndaframleiðendur styrkja sjónvarpsstöðvarnar

Fríðrik Þór Fríðriksson, kvikmyndaframleiðandi og leikstjóri, hefur verið lengur að en flestir á íslenskum kvikmynda-markaði. Hann segir umhverfið sem íslenskir kvikmyndagerðarmenn búa við í dag allt annað en fyrir um fimmtán árum síðan, um það leyti sem kvikmynd hans, Börn náttúrunnar, var tilnefnd til Óskarsverðlauna en hún var einmitt fyrsta íslenska kvikmyndin til að hljóta styrk úr evrópskum kvikmyndasjóði. Fram að þeim tíma tíðkaðist ekki að erlendir meðframleiðendur kæmu að íslenskum myndum. Í dag eru hins vegar allar stærri kvikmyndir „meðframleiddar“.



FRÍÐRIK ÞÓR FRÍÐRIKSSON, KVIKMYNDAFRAMLEIÐANDI OG LEIKSTJÓRI. Segir ríkið fá fjórar krónur í kassann við hverja krónu sem það leggur til kvikmynda-iðnaðarins.

leiðslu var samt sem áður tuttugu sinnum meira.“

**KRÓNAN MARGFALDAST** Fríðrik segir erlenda aðila skapa meira en sjötíu prósent af veltunni á íslenskum kvikmyndamarkaði. „Ef ríkið leggur eina krónu í kvikmynd fær það fjórar krónur á móti. Ríkið ósköp einfaldlega stórgræðir á því að hlúa vel að kvikmynda-iðnaðinum. Alls staðar í heiminum eru menn búnir að komast að þessu, til dæmis á Írlandi og Englandi, en þar keppast menn við að laða til sín kvikmyndagerð með alls kyns skattaávilnunum

## DJÖFLAEYJAN ÓHUGSANDI NÚ TIL DAGS

Fríðrik segir að aðsókn í kvikmynda-hús hafi dregist saman undanfarin ár og að tekjur af aðsókn að íslenskum myndum hafi minnkað mikið. Hann segir þetta meðal annars stafa af því að íslensku kvikmyndirnar séu nú margar hverjar á ensku. „Eina leiðin til að fjármagna mynd á íslensku er að gera mynd sem gerist í nútímanum. Þetta takmarkar kvikmyndagerðarmanninn mjög mikið. Það er til dæmis óhugsandi fyrir óþekktan leikstjóra að gera mynd á borð við Djöflaeyjuna í dag, mynd sem fékk á sínum tíma góða aðsókn. Það eru ekki peningar til þess að fjármagna slíkar myndir á íslensku.“

## SJÓNVARPIÐ ÆTTI AÐ LEGGJA MEIRA TIL

„Kvikmynda-iðnaðurinn á Íslandi hefur alla burði til þess að blómstra og hann mun gera það ef ríkið styður við hann, annað hvort með skattaávilnun eða með því að fara þá leið sem Danir fara, að skylda Ríkissjónvarpið og jafnvel einkasjónvarpið líka til að taka þátt í kvikmynda-iðnaðinum af mun meiri myndarskap en í dag.“ Fríðrik segir kvikmyndagerðarmenn beinlínis hafa verið að styrkja Ríkissjónvarpið og aðrar sjónvarpsstöðvar með því að sýna myndir sínar hjá þeim. „Þegar Ríkissjónvarpið til að mynda keypti Djöflaeyjuna var það að greiða tíu þúsund krónur fyrir útsendinguna á mínútuna á meðan það var að framleiða sjónvarpsleikhús sem kostaði 180 þúsund á mínútuna. Verðmæti okkar fram-

og öðru.“

Fríðrik segir tólf prósentin sem ríkið endurgreiðir af útlögðum kostnaði hér á landi gott dæmi um hvernig megi styðja við iðnaðinn. Hann nefnir dæmi um kvikmyndina Bjólfskviðu sem kostaði milljarð í framleiðslu og er öll tekin á Íslandi. „Skattarnir sem sátu eftir í landinu voru margfalt hærri en sem nemur styrknum sem við fengum. Bara skattar af mat, hóteli, gistingu og slíku skipta tugum milljóna. Svo má ekki gleyma óbeinu tekjunum af því að milljónir munu sjá myndina. Um leið og íslensk mynd er sýnd í sjónvarpi í Þýskalandi hrúgast inn fyrirspurnir um Ísland. Íslensk tónlist sem heyrst í myndinni nær líka til eyrna áhorfenda. Af þessu verða mikil allsherjaráhrif sem erfitt er að mæla beint.“

# ndur leiðslu

árum. Flestar breytingarnum fyrir þrifum. Hólmfríður danna.

ast framleiðendum einnig vel við að auðvelda hugsanlega fjármögnun á næstu mynd. Laufey er ánægð með frammistöðu Íslendinga á þessum hátíðum. „Íslenskir kvikmyndagerðarmenn eru að gera alveg ótrúlega hluti miðað við hvað allt er skoríð við nögl hjá okkur. Þetta vekur athygli erlendis, það eru kannski 2-3 íslenskar myndir á öllum helstu kvikmyndahátíðum á meðan það var til dæmis ein frá Finnlandi í fyrra.“

## VILJI RÁÐAMANNA RÆÐUR ÚRSLITUM

Fyrir utan framlög úr Kvikmyndasjóði endurgreiðir ríkið 12 prósent af öllum kostnaði sem til fellur vegna framleiðslu kvikmynda sem fer fram hér á landi. Um þessar mundir eru uppi umræður um að framlengja þau lög en þau renna út í árslok 2006.

Menntamálaráðherra, sagði á síðustu Edduhátíð að framlag ríkisins myndi aukast. Laufey tekur fram að mjög mikilvægt sé fyrir iðnaðinn í heild sinni að einhver samningur eða rammi verði gerður utan um fjárveitingar til að landslagið verði skýrara á næstu árum og allir viti hvað er til skiptanna. „Þetta er lykilatriði. Þannig minnkur óryggi, menn þurfa að vita að hverju þeir ganga innan bransans. Það vantar svolítið upp á það ennþá, en það hangir ef til vill á því samkomulagi sem er í burðarliðnum við ráðuneytið,” segir Laufey, sem telur nær útilokað að hér væri hægt að halda úti kvikmyndabransanum ef ekki væri fyrir aðstoð hins opinbera.

# Kvikmyndir geta malað gull

Framleiðslufyrirtækið ZikZak hefur verið afkastamikil undanfarin ár og hefur staðið að framleiðslu nýr mynd frá árinu 1999. Af síðustu afrekum fyrirtækisins standa hæst stuttmyndin Síðasti bærinn eftir Rúnar Rúnarsson sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna og kvikmyndin Voksne mennesker eftir Dag Kára sem hefur fengið fjöldann allan af verðlaunum og tilnefningum.

## MEÐ MÖRG JÁRN Í ELÐINUM

Kjarninn í viðskiptamódeli ZikZak gengur að miklu leyti út á áhættudreifingu. Fyrirtækið er með mörg verkefni í þróun og fjármögnun í einu því margt þarf að ganga upp á sama tíma til þess að framleiðsla kvikmynda í fullri lengd gangi upp. „Við erum að þróa og undirbúa fjármögnun á öllum tegundum af kvikmyndum. Það sem skiptir okkur höfuðmáli er að við séum í góðu langtímasamstarfi við þann höfund eða leikstjóra sem kemur að verkefninu ásamt því vissulega að við höfum trú á sögunni. Ljóst er að möguleikarnir eru að aukast ár frá ári, dreifimöguleikar eru fleiri en áður með tilkomu netsins, farsíma og þess háttar. En þrátt fyrir allar nýjar dreifileiðir þá er innihald það sem skiptir meginmáli, það nennir enginn að horfa á eitthvað nema það sé áhugavert,” segir Skúli, sem árið 1995 stofnaði ZikZak í félagi við Þóri S. Sigurjónsson.

## BREYTINGAR TIL HINS BETRA

Skúli segir ýmsar breytingar hafa orðið á undanförunum árum sem stuðli

að jákvæðri þróun á íslenskum kvikmyndamarkaði. Lögin sem kveða á um 12 prósentu endurgreiðslu kostnaðar sem til fellur á Íslandi hafi haft góð áhrif og að sama skapi breytt fyrirkomulag úthlutunar úr Kvikmyndasjóði, þegar Kvikmynda-iðstöð Íslands varð til og sjóðurinn fór að afgreiða umsóknir allt árið um kring í staðinn fyrir að gera það einungis einu sinni á ári. Hann segir jafnframt starfsfólk hér á landi vera orðið sjóað og því sé hægt að manna margar myndir í einu með góðu fagfólki með mikla reynslu sem hefur atvinnu af því að gera kvikmyndir og auglýsingar.

## SJÓNVARPSSTÖÐVAR TAKA LÍTINN ÞÁTT Í FJÁRMÖGNUN

Þrátt fyrir ýmsar jákvæðar breytingar segir Skúli engum blöðum um það að fletta að ytri skilyrði til kvikmyndagerðar hér á landi eru að mörgu leyti erfið. Smæð heimamarkaðarins spili þar stórt hlutverk og fjármögnun verkefna sé snúin. Sjónvarpsstöðvar taki líka mjög lítinn þátt í fjármögnun kvikmynda fyrirfram, til dæmis gegn sjónvarpsrétti og hlutdeild í hagnaði. „Alls staðar á Norðurlöndunum taka ríkisstöðvarnar þátt í verkefnum frá fyrsta degi, það gerist vart hér á landi sem er mjög bagalegt,” segir Skúli og bendir á að framleiðslufyrirtækjum hafi því miður ekki fjölgað svo nokkru nemi hér á landi sökum erfiðra markaðsskilyrða og mikillar áhættu. Það leiði meðal annars til þess að það sé skortur á framleiðendum sem einbeiti sér eingöngu að þróun, framleiðslu og dreifingu kvikmynda.



SKÚLI MALMQUIST, ANNAR TVEGGJA STOFNENDA ZIKZAK. Segir ytri skilyrði hér á landi að mörgu leyti erfið en á móti komi að hér sé mikið af duglegu hæfileikafólki.

## KVIKMYNDAFRAMLEIÐSLA GETUR VERIÐ ARÐBÆR

Skúli segir að þótt framleiðsla kvikmynda hafi menningarlegt mikilvægi breytti það því ekki að dæmið þurfi að ganga upp viðskiptalega. Fjármögnun þurfi að fara rétt fram með réttu sambandi úr sjóðum, forsólum, endurgreiðslum og áhættufjármagni. Takist það geti framleiðsla kvikmynda verið mjög arðbær. Það taki hins vegar langan tíma að skilja aðferðafræðina, öðlast samböndin erlendis og þekkinguna á uppsetningu fjármagnsins. Því sé nauðsynlegt að vinna enn frekar að því að gera umhverfi til kvikmyndaframleiðslu hagstætt hér á landi. „Við það má bæta að kvikmyndaframleiðslufyrirtæki þurfa á þolinmóðu fjármagni frá fjárfestum að halda. Þumalputtareglan er að ein af hverjum tíu myndum gangi mjög vel, tvær af hverjum tíu gangi nokkuð vel og hinar sjö gangi einungis þærllega. ZikZak er að fara að gera sína tíundu mynd á árinu.“



FJÖLMENNI Á IÐNÞINGINU Halldór Ásgrímsson, Valgerður Sverrisdóttir, Hans Skov Christensen og Helgi Magnússon.

Iðnþing 2006:

## Framtíðarsýn atvinnulífs í hnattvæddum heimi

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Iðnþing Samtaka iðnaðarins var haldið á Hótel Loftleidum á föstudag undir heitinu: Framtíðarsýn fyrir atvinnulíf - nývæðing í hnattvæddum heimi. Staða nýsköpunar- og hátæknifyrirtækja var þar rædd auk hás gengis og sveiflur síðustu vikur. Þá var sú ályktun gefin út að atvinnustarfsemi sé undirstaða velfarnaðar í hverju þjóðfélagi. Tryggja verði efnahagslegan stöðugleika með náinni samvinnu ríkis, sveitarfélaga og Seðlabanka. Stjórnvöld og sam-

tök í atvinnulífinu þurfi að móta stefnu til að búa atvinnulífið sem best undir að takast á við hnattvæðinguna og nýta öll tækifærin í henni.

Þá segir jafnframt að hvorki stjórnvöld né samtök eigi að ákveða hvaða atvinnurekstur eigi að stunda né hafa bein afskipti af honum. Enn síður eigi hið opinbera að sinna verkefnum sem betur væru komin hjá einkaaðilum og gætu leitt til meiri ávinnings fyrir báða aðila. Hlutverk stjórnvalda sé einungis að skapa starfsskilyrði hér á landi. Þá eigi arðsemi og samkeppnishæfni að ráða hvaða atvinnustarfsemi sé

stunduð á Íslandi. Verði stjórnvöld að gæta jafnræðis og forðast sértækar aðgerðir. Þá segir í ályktuninni að mistök í sameiginlegri hagstjórn ríkis, sveitarfélaga og Seðlabanka eigi stærstan þátt í þeim vanda sem samkeppnis- og útflutningsgreinarnar eigi við að etja.

Vilmundur Jósefsson, fráfari formáður Samtaka iðnaðarins, flutti erindi á Iðnþinginu, ásamt þeim Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og Hans Skov Christensen, framkvæmdastjóra Dansk Industri.

## Ánægður með íslenska fjárfesta í Danmörku

Hans Skov Christensen, framkvæmdastjóri Dansk Industri, gerði samkeppnishæfni Dana að umtalsefni í ræðu sinni á Iðnþinginu. Christensen velti fyrir sér samkeppnishæfni OECD-ríkja í erindi sínu og hagstæðu umhverfi fyrir fjárfesta. Gat hann þess að tugþúsundir sérfræðinga útskrifuðust úr háskólum á ári hverju í Kína og Indlandi. Norðurlöndin hafi hag af því að laða til sín sérfræðimenn til starfsfólks. Því væri ekki að skipta í Danmörku þar sem stjórnvöld hefðu þrástagað við að gera breytingar á skattalögum til að gera landið fýsilegan kost í augum bæði sérfræðinga og fjárfesta. Benti hann á að Danir væri í 10. sæti yfir samkeppnishæfni yfir 29 lönd innan OECD-ríkjanna. Til samamburðar setti hann Ísland í 1. sæti og sagði hann viðskiptaumhverfið hér á landi mjög heilbriggt. Háir skattar í Danmörku væru t.d. óaðlaðandi í augum erlends vinnuafli og fjárfesta, að hans mati.

Þá ræddi framkvæmdastjóri Dansk Industri jafnframt um áhuga Dana á hnattvæðingunni og sagði hana fremur litla. Hefðu stjórnvöld hrundið af stað átaki til til að vekja áhuga almennings á málinu og hefði rúmlega tuttugu manna alþjóðavæðingarráð verið sett á laggirnar sem fundi reglulega og myndi það á næstunni leggja fram tillögur til



HANS SKOV CHRISTENSEN

að auka samkeppnishæfni Dana. „Við þurfum að læra að skilja menningu annarra þjóða betur. Þeir sem það gera eru sigurvegarar í alþjóðavæðingunni,“ sagði Christensen.

Aðspurður um viðhorf Dansk Industri til fjárfestinga Íslendinga í Danmörku, sér í lagi í kaupum á fasteignum í Kaupmannahöfn á síðustu misserum, sagði hann það gleðiefni. „Íslendingar eru klárir kaup-sýslumenn og hafa brugðist fljótt við breytingum á fjármálamarkaðnum. Efnahagslífið stóð í stað í langan tíma á Íslandi og breytingar voru fremur fáar. Þegar breytingarnar byrjuðu loksins voru þær mjög hraðar,“ sagði hann og benti á að nokkur dönsk byggingafyrirtæki hefðu sömuleiðis haft starfsemi á Íslandi. Hann hafði hins vegar ekki upplýsingar um fjölda þeirra á takteinum. - jab



VOLVO S40

VOLVO V50

VOLVO S60

VOLVO V70

VOLVO S80

VOLVO XC70 AWD

VOLVO XC90 AWD

## SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbílinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka akstursegileika. Volvo XC70.

### Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjór hjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirk meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörmin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálfu. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að bíllinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðuðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærri en veghæð jeppa.

Skoðuðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhykksvörnina í

framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnakka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

### Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bilar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynntur þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leður efni í stýri, lykklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsðu um börnin. Lífuðu í lúxus. Veldu Volvo.



Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðuðu smáatriðin. Aflaðu þér frekari upplýsinga [www.volvo.is](http://www.volvo.is)



Volvo XC70 AWD bensín. Verð 4.760.000 kr.\*

Volvo XC70 AWD dísil. Verð 5.060.000 kr.\*

# Vöxturinn ævintýri líkastur

Halldór Ásgrímsson sagði í ræðu sinni á Iðnþinginu að hann hafi gert sér grein fyrir áhrifum hnattvæðingarinnar á íslenskt efnahags- og atvinnulíf þegar hann fór til Lundúna í Bretlandi í liðnum mánuði og heimsótti fyrirtæki í eigu Íslendinga. Vöxtur þeirra hefði verið ævintýri líkastur og vísaði hann til þess að tæplega 105.000 manns ynnu í fjórtán löndum hjá íslenskum fyrirtækjum, sami fjöldi og stundaði vinnu á höfuðborgarsvæðinu.

„Hnattvæðingunni er ýmist hampað eða hallmælt og vissulega felast í henni jafnt tækifæri sem áskoranir. Ég hef þá tilhneigingu að að horfa til tækifæranna í lífinu almennt og tel reyndar að íslenskt efnahags- og atvinnulíf hafi notið einkar góðs af þeim straumum og stefnum sem að jafnaði eru talin fylgifyrirtækja,“ sagði Halldór og benti á sölu ríkisfyrirtækja í samkeppnisrekstri sem hefði aukið fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Hefði einkavæðing ríkisfyrirtækja skilað 140 milljörðum króna í ríkiskassann á síðastliðnum fjórtán árum, að hans sögn.

Halldór sagði að sér sýndist sem íslensk fyrirtæki hefðu nýtt sér tækifærin til fullnustu sem hnattvæðingin hefði upp á að bjóða og staðan væri góð. Ísland teldist samkeppnishæfasta ríki Evrópu og staðfesti alþjóðleg matsfyrirtæki gott ástand efnahagsmála. „Í ljósi þessa skýtur nokkuð skökku við sú neikvæða umræða sem gætt hefur héraðs og erlendis um stöðu íslenska bankakerfisins



AF IÐNÞINGINU Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra heilsar Hans Skov Christensen, framkvæmdastjóra Dansk Industri, og Sys Roving, formanni lögfræðingasamtaka Danmerkur.

og jafnvel íslenska hagkerfisins. Staðreyndin er sú að staða bankanna er mjög traust,“ sagði Halldór og vísaði til matsfyrirtækjanna Moody's og Fitch um styrka stöðu íslenskra fjármálafyrirtækja, sem hefði verið drifkrafturinn í vexti íslenskra fyrirtækja erlendis. „Því hefur verið haldið fram að bankarnir og fjárfestar hafi farið of geyst og kunni fótum sínum ekki forráð. Ég er ekki sammála þessu,“ sagði

hann og benti á árangur Baugs, Bakkavarar, Fons, Actavis, Avion Group og FL Group á erlendum vettvangi. „Halda menn til dæmis að Magasin du Nord og Iceland-verslunarkerðjan væru í íslenskri eigu ef umræddir kaupendur hefðu sest niður og ætlað sér að skoða málin í rólegheitum? Alveg örugglega ekki. Kaupþækifærið hefði einfaldlega runnið þeim úr greipum,“ sagði Halldór Ásgrímsson.

Rekstrarverkfræðistofan  
**Annar hf**  
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Ársreikningar  
Bókhald  
Skattframtöl



KONICA MINOLTA

Lítill og

**fjölhæf**



## Konica Minolta 130f

Flest fyrirtæki þurfa prentara, ljósritunarvél, litskanna og faxtæki. Minnsta vélin frá KONICA MINOLTA gerir allt þetta og meira til. Hún sendir tölvupóst og hefur frumritamatara sem staðalbúnað.

Myndgæðin eru fyrsta flokks.

Tilboðsverð kr. 69.900 m/vsk

**UMFANG**  
TÆKNIBÚNAÐUR

UMFANG-TÆKNIBÚNAÐUR • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 510 5520 • umfang@kjaran.is



**VOLVO**  
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á





# 6 punkta brunaprófið

Brunatjónið á Breiðdalsvík í síðustu viku leiðir hugann að því hvernig fyrirbyggja megi slík tjón. Brunatjón geta haft veruleg áhrif á rekstur fyrirtækja, starfsmenn þeirra og afkomu heilla byggðarlaga. Þótt mörg fyrirtæki séu vel váttrygð hefur stöðvun í lengri eða skemmri tíma veruleg áhrif á afkomu þeirra.

Þar sem forvarnir eru því miður oft taldar of tímafrekar er hér bent á 6 punkta prófið sem getur komið í veg fyrir tjón eða takmarkað tjón. Skoðum þessa 6 punkta:

1. Í fyrsta lagi þarf að athuga hvar slökkvitæki eru og athuga hvort þau séu í lagi og hvort fólkið kunni á þau. Hafið alltaf slökkvitæki þar sem þau eiga að vera og af rétttri gerð.

2. Í öðru lagi þarf að hvetja starfsmenn til þess að halda vinnusvæðum snyrtilegum. Almenn og góð umgengni minnkar hættuna á tjónum. Látið helst fjarlægja allt drasl samdægurs og látið það ekki standa yfir nótt. Geymið öll eldfim efni sem næst útidyrum og setjið merkingar þannig að slökkvilið viti um þessi efni. Forðist að safna saman afgangnum af málningu og öðrum eldfimum vökvum.

3. Í þriðja lagi þarf að láta yfirfara rafmagn með reglulegu millibili og gæta að tengingum í töflum. Fyrir vinnustaði þar sem unnið er með tæki á borð við logsuðutæki eða skurðverkfæri er brýnt að sýna sérstaka aðgæslu enda hafa orðið umtalsverð brunatjón af þeirra völdum. Hafið alltaf tvö slökkvitæki til taks þegar slík störf eru unnin og einhvern til að fylgjast með. Ef rafmagnslyftari er til staðar þarf að huga að því að aðstaða til rafmagnshleðslu sé lokuð af og vel loftræst.

4. Í fjórða lagi þarf að yfirfara brunahólf í húsakynnum fyrirtækisins. Það hefur sýnt sig að rétt brunahólfun er eitthvert öflugasta tæki til að hindra útbreiðslu elds. Brunahólfun skal vera í samræmi við lög og reglugerðir. Ekki má rjúfa brunahólfun nema í samráði við hönnuð eða viðkomandi eldvarnarefirlit. Gætið að þéttingum meðfram lögnum og hvers konar samskeytum. Eldvarnarhurðir þurfa að vera viðurkenndar og skal vera einfalt og fljótlegt að loka þeim. Einnig er gott að hafa reyklosunarbúnað í þaki en hann getur skipt sköpum þegar losa þarf hita úr húsinu.

5. Í fimmta lagi er rétt að athuga hvort þörf sé á vatnsúðunarkerfi en slík kerfi hafa sannað sig sem mjög öflug brunavörn. Vatnsúðunarkerfi slökkva ekki endilega eld en þau halda honum í skefjum þar til slökkvilið kemur á staðinn. Brunaviðvörnarkerfi beintengt við stjórnstöð ætti einnig að vera í húsnæðinu þar sem það stytir verulega þann tíma sem tekur að koma boðum til slökkviliðs.

6. Sjötti og síðasti liðurinn í 6 punkta prófinu er að athuga hvort rýmingaráætlun sé til staðar. Starfsmenn þurfa að gera

rýmingaráætlun, þ.e. flóttaáætlun. Handbók með helstu upplýsingum um viðbrögð við bruna ætti alltaf að vera aðgengileg starfsfólki og vera hluti af nýliðafræðslu. Farið yfir útgönguleiðir og kenndi starfsmönnum ykkar að bregðast rétt við ef húsið fyllist af reyk. Munið að reykurinn veldur oftast dauðaslysum í eldsvoða en sjálfur eldurinn. Í hærri byggingum þarf að vera til staðar brunastigi.

Hafi verið farið yfir þessa 6 punkta í fyrirtæki og tekið á þeim málum sem þörf var á er fyrirtækið komið í fremstu röð

## ÖRUGG FYRIRTÆKI



Átak Markaðarins og Sjóvá

í brunavörnum og starfsmenn, eigendur og viðskiptavinir búa við aukið öryggi og tryggari afkomu til lengri tíma.

Geir Jóhannsson  
viðskiptastjóri á fyrirtækjasíði Sjóvá



## FERMINGARGJÖFIN



afspilunartæki fyrir iPod

TIVOLI  
iSongBook



- Ferða-afspilunartæki fyrir iPod
- Stereóútlarp í hæsta gæðaflokki með 5 stöðva minni
- Vekjararklukka með svefnrofa
- 240V / 12V - Rafhlöður AA 6 stk.
- Hleðslurafhloður og innbyggt hleðslutæki
- Tenging fyrir flesta MP3 spillara
- Ferðataska fánleg

Verð kr. 33.600.-

**Kynningarverð**  
Verð kr. 29.800.-

iPod ekki innifalið í verði  
www.tivoliaudio.com



MONITOR AUDIO  
i-deck  
fyrir iPod

- iDeck fyrir allar gerðir iPod
- Þú smellir iPodinum framan á tækið,
- einfaldara verður það ekki
- Öflug fjarstýring, tölvutengi og AUX tengi
- Frábær hljómur og hönnun.
- Fyrir flestar gerðir MP3 spillara

Verð kr. 38.800.-

iPod ekki innifalið í verði  
www.monitoraudio.com



i-Groove  
fyrir iPod

- iGroove fyrir allar gerðir iPod
- Fyrir flestar gerðir af MP3 spillara
- Frábær hönnun og hljómgæði.
- Fjarstýring, tölvutengi og AUX tengi

Verð kr. 39.600.-

**Kynningarverð**  
Verð kr. 34.600.-

iPod ekki innifalið í verði  
www.klipsch.com



"...the Klipsch iGroove is perfect for carrying from room to room and is loud enough to fill even a party with sound."

—Lisa Gade, MobileTechReview, December 2005



HomeToys verðlaun 2006

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

## AURASÁLIN

## Sókn í stað varnarliðs

Það hefur verið unaðslegt að fylgjast með leiksýningunni í kringum brottrekstur bandaríska varnarliðsins frá Keflavík. Áhugaverðast er þó hvernig íslensk stjórnvöld hafa kúgað bandarísk stjórnvöld með sér í lið þannig að allir dansi saman dansinn til að hylma yfir þá niðurlægingu Bandaríkjanna að vera hent út úr landinu án nokkurs fyrirvara.

Öllum sem skoða málið af einhverri alvöru ætti að vera ljóst að ástæða brottflutnings herliðsins er einfaldlega sú að Bandaríkjamenn gerðust brotlegir við varnarsamning landanna. Þetta gerðist fyrir rúmlega tveimur vikum þegar hið svokallaða „matsfyrirtæki“ Fitch gaf út kolvítlausu heimsendaspá um íslenska hagkerfið. Vanmáttur varnarliðsins varð á þeirri stundu íslenskum ráðamönnum ljós og þessum dáðlausu dátum var umsvifalaust fyrirskipað hafa hypja sig burt með allt sitt hafurtask og hergögn.

Myndin er raunar óðar að verða skýrari því í ljós kemur að þaulhugsuð áætlun um uppbyggingu á Miðnesheiði liggur þegar fyrir. Bæjarstjórnin í Keflavík leggur til að mynda mikla áherslu á að greiningardeild lögreglunnar verði staðsett í bænum. Það er augljós mótleikur á móti herferð útlenskra greiningardeilda gegn íslenskum hagsmunum að ríkið stofni sína eigin greiningardeild sem komið getur fram hefndum gegn hverjum þeim sem ræðst að íslenskum bönkum og víkingahagkerfinu.

**Samkvæmt traustum heimildum** Aurasálarinnar mun greiningardeildinni ekki aðeins vera ætlað að vera varnarlið - heldur ekki síður sóknarlið. Þetta er nýnæmi í hermálum hér á landi en alls ekki óþekkt annars staðar í heiminum. Þá mun standa til að Íslendingar taki loksins upp á því að stofna sína eigin leyniþjónustu og trúarlögreglu.

**Leyniþjónustan á Miðnesheiði** hefur það hlutverk að sjá Greiningardeild ríkislögreglustjórans fyrir gögnum er varða erlendar greiningardeildir banka, útlensk matsfyrirtæki og útsendara þeirra hér á landi. Trúarlögreglan mun svo hafa þau hlutverk að sjá til þess að úrtölumönnum, hér á landi og erlendis, takist ekki að draga úr trú þjóðarinnar á hagvöxtinn, kaupmáttinn, útrásina og viðskiptahallann.

**Úrtölumennirnir og heimsendaspámennirnir** hafa nú þegar valdið nægum skaða án þess að varnarliðið hafi fengið rönd við reist. Aurasálin fagnar útspili ríkisstjórnarinnar við að tryggja raunverulegar og sýnilegar varnir íslensku þjóðarinnar.



STANLEY ROSE, FORSTJÓRI NIMBLEGEN SYSTEMS, OG SIGRÍÐUR VALGEIRSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI FYRIRTÆKISINS Á ÍSLANDI í nýjum húsakynnum fyrirtækisins er svigrúm fyrir allt að sex- til sjöfalda stækkun og miðað við vöxt starfseminnar á síðasta ári mun ekki veita af fermetrunum á komandi misserum.

## DNA-örflögur smíðaðar á Íslandi

Í Grafarholtinu hefur hópur sérfræðinga hreiðrað um sig undir merkjum NimbleGen Systems og smíðar DNA-örflögur sem notaðar eru í líftæknirannsóknir. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hitti stjórnendur fyrirtækisins í splunkunýjum starfsstöðvum þess og fræddist um starfsemina.

NimbleGen Systems er kannski ekki mjög þekkt meðal íslensks almennings en velþekkt innan samfélags rannsókna í lífvísindum. Á þeim fjórum árum sem fyrirtækið hefur starfað á Íslandi hefur fyrirtækið margfaltast í vexti, ekki síst á síðasta ári þegar starfsmannafjöldi meira en tvöfaldaðist, og nú starfa þar 25 háskólamenntaðir starfsmenn. Framleiðsla og þjónusta fyrirtækisins tók mikinn kipp á árinu 2005 og sjá stjórnendur fyrirtækisins fram á mikinn vöxt á næstu árum, mestmegnis hér á Íslandi.

### UNDIRBÚNINGSVINNAN SKILAR SÉR

Stanley Rose, forstjóri NimbleGen Systems, var staddur hér á landi nýverið ásamt David Snyder, fjármálastjóra fyrirtækisins. Hann útskýrir mikinn vöxt fyrirtækisins með því að vinna síðustu ára sé farin að skila sér og segir að eftirspurnin hafi aukist gríðarlega. „Fyrstu þrjú árin eftir stofnun fyrirtækisins árið 1999 vorum við fyrst og fremst að þróa áfram okkar tækni og sinntum lítið markaðssetningu. Það var ekki fyrr en seint árið 2003 sem fyrirtækið fór fyrir alvöru að selja framleiðslu sína og þjónustu. Árið 2004 voru nokkrir virtir vísindamenn farnir að nota og tala um vöruna sín á milli. Þannig fór gekk gott orðspor manna á milli sem skilaði sér svo þannig að pantanir þrefölduðust árið 2005.“

### MIKIÐ RÚM TIL FREKARI VAXTAR

NimbleGen er þjónustufyrirtæki á sviði líftækni, starfar á alþjóðamarkaði og framleiðir DNA-örflögur sem notaðar eru í rannsókni á sviði líftækni og heilbrigðisvísinda. Í heildina starfa um 85 manns hjá NimbleGen Systems. Flestir þeirra eru í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Madison-borg í Wisconsin-ríki Bandaríkjanna, um 25 eru hér á landi og sex manns í Waldkraiburg í Þýskalandi þar sem unnið er að þróun og framleiðslu á efnum sem notuð eru til örflögusmíðinnar. Þar að auki eru um tíu starfsmenn dreifðir um heimsbyggðina og vinna að sölumálum og

stuðningi við viðskiptavinir fyrirtækisins, en þá er fyrst og fremst að finna í flestum löndum Vestur-Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Kína og Japan.

Þegar árið 2004 var hálfnað sáu stjórnendur NimbleGen að starfsemin var að sprengja utan af sér. Þess vegna réðust þeir í að stækka við sig á Íslandi og fluttu nýverið í stærra og betra húsnæði að Vínlandsleið í Grafarholti. „Við takmörkuðumst fyrst og fremst af rými en í nýja húsnæðinu höfum við heilmikið ráðrúm til frekari vaxtar. Við getum vaxið sex til sjöfalt áður en við þurfum að fara að huga að því að flytja okkur aftur um set.“

### ÞYRPING LÍFTÆKNIFYRIRTÆKJA MÖGULEG

NimbleGen fær meðal annars styrki frá Rannís, Tækniþróunarsjóði og Markáætlun í samstarfi við íslenska vísindamenn, til dæmis hjá líftækniyrirtækinu Prokaria, Krabbameinsfélagi Íslands og rannsóknarhópum í Háskóla Íslands. „Í tengslum við starfsemi okkar hafa tvö íslensk fyrirtæki einnig hafið starfsemi hér, Lindgen ehf. og WiCell á Íslandi. Þessi tvö fyrirtæki eru í eigu bandarískra vísindastofnana og leigja af okkur aðstöðu. Þetta eru fyrirtæki með íslenska starfsmenn sem eru með alþjóðleg verkefni þar sem flögurnar frá NimbleGen eru notaðar. Við sjáum fyrir okkur að þessi þróun haldi áfram og í framtíðinni myndist jafnvel þyrping fyrirtækja og rannsóknahópa sem samnýta aðstöðu og notast við framleiðslu okkar í rannsóknum sínum,“ segir Sigríður Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóri NimbleGen Systems hér á landi.

### GENGI KRÓNU RÉÐ EKKI ÚRSLITUM

Hvers vegna varð Ísland fyrir valinu þegar fyrirtækið fór að huga að því að færa út kvíarnar? „Einhver benti okkur á að Ísland gæti verið upplagður staður til að setja upp rannsóknarstofu. Við fylltumst forvitni og

fórum að skoða málið. Í ljós kom að margir kostir fylgja því að halda úti starfsemi sem okkar hér á landi. Efnahagslegt umhverfi, landfræðileg lega og flutningakerfi eru okkur mjög hagstæð. Hér eru líka fjölmargir vel

### NimbleGen Systems

Höfuðstöðvar: Wisconsin-ríki  
Stofnað: 1999  
Starfsmenn: 85, þar af 25 á Íslandi

menntaðir starfsmenn og þjálfaðir á okkar sviði. Lög um einkaleyfi á hugverkum voru okkur líka hagstæð og allt þetta samanlagt olli því að við vildum vaxa hér áfram. Það er óhætt að segja að gengi okkar

hér hefur farið fram úr okkar björtustu vonum,“ segir Stanley Rose og bætir við að það hafi verið skemmtilegur plús að hér tala allir reiprennandi ensku en því hafi hann ekki gert ráð fyrir. Aðspurður segir fjármálastjóri NimbleGen Systems, David Snyder, að sterkt gengi krónunnar gagnvart dollaranum spili ekki svo stórt hlutverk í rekstri fyrirtækisins. Tekjur fyrirtækisins séu að mestu í dollurum en það sé kostnaðurinn líka að miklu leyti. Gengismálin hafi því ekki úrslitaáhrif á hvort fyrirtækið starfi hér á landi eða ekki.

### SAMKEPPNIN FER HARÐNANDI

Hvað samkeppni varðar segjast þau Rose og Sigríður að enginn bjóði sams konar vöru og þau. Vissulega séu önnur fyrirtæki sem selji DNA-örflögur til rannsókna á genastarfsemi en þau noti aðrar aðferðir til örflögusmíðinnar. „Við höfum þróað ákveðna tækni sem gerir okkar vöru afar aðlaðandi í augum vísindamanna. Þess vegna höfum við vaxið svona hratt að undanförunni.“ Samkeppnin á markaðnum fer þó harðnandi enda er markaðurinn fyrir lífvísindarannsóknir afar lifandi. Árlega er fimmtíu milljörðum dollara varið í lífvísindarannsóknir á heimsvísu og ef aðeins er lítið til markaðarins með DNA-örflögur fer milljarður árlega í það. Framlöggin aukast ört svo það er til mikils að vinna. „Við erum tiltölulega ung á markaðnum en án alls vafa það fyrirtæki sem

# Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



er í hvað hröðustum vexti. Við erum að taka forystuna í sumum af þeim nýju mörkuðum sem eru að opnast. Við sjáum fyrir okkur að enn fleiri markaðir opn-

ist á næstu fimm til tíu árum og hyggjumst leiða þá þróun," segir Rose að lokum og undir það taka þau Sigríður og Snyder heils hugar.



**UNDIRBÝR SMÍÐI ÖRFLÖGU** Lárus Hjartarson, starfsmaður Nimblegen Systems á Íslandi, einbeittur við störf sín.

Hilton Paris, 18 Avenue de Suffren, Paris



## ER MIKILVÆG ÁRSHÁTÍÐ FRAMUNDAN?

LONDON • PARÍS • FRANKFURT • AMSTERDAM • KAUPMANNAHÖFN

**GB FERÐIR BJÓÐA UPPÁ ÁRSHÁTÍÐARFERÐIR  
TIL HELSTU BORGNA EVRÓPU**


Frábær hótél á góðu verði.

Skipuleggjum Gala kvöldverði á okkar hótélum fyrir 20-300 manns.

samstarfsaðili GB ferða:

**ICELANDAIR**  
www.icelandair.is

**GB FERÐIR**  
www.gbferdir.is



Allt sem þú vildir vita um skuldara þína  
en þorðir ekki að spyrja

## Áhættustýring

Það er alltaf gaman að semja við nýjan viðskiptavin en þó má ekki gleyma að huga að greiðslusögu hans. Með Midt Factoring getur þú haft stjórn á óvissunni sem oft fylgir viðskiptum.

Midt Factoring hefur yfir að ráða miklum og nákvæmum fjárhagsupplýsingum um skuldara hér heima og erlendis í gegnum alþjóðlegan viðskiptagagnagrunn. Þú getur því nálgast skuldaskögu og greiðslugetu viðskiptavina þinna strax í gegnum okkur áður en stórir samningar eru gerðir. Þess vegna verður fyrirtækið þitt ávallt skrefi á undan. Ef svo fer að krafa tapast þá bætir greiðslutryggingin 90% af andvirði kröfunnar.

Kynntu þér forvarnir í lánsviðskiptum á [www.mfi.is](http://www.mfi.is)

  
**MidtFactoring**  
á Íslandi hf.

## Ný tegund vildarkorts

SPRON hefur tekið upp nýja gerð af VISA kreditkortum sem fengið hefur nafnið e2 Vildarkort og er ætlað að auka ávinning korthafa. Nýjungin í kortinu er að ávinningur korthafa er tvíþættur því vildarpunktur og endurgreiðslur eru nú sameinuð á eitt kreditkort.

Korthafar fá E2 VILDARKORT Vildarpunktur og endurgreiðslur sameinuð á eitt kort. Endurgreitt í desember ár hvert með peningáávisun sem hægt er að nýta að vild. Vildarpunktur nýtast við kaup á flugmiðum og annarri þjónustu hjá Icelandair og tengdum fyrirtækjum.



## FÓLK Á FERLI

ÞÓRA HALLGRÍMSDÓTTIR hefur verið ráðin framkvæmdastjóri tónasviðs hjá Sjóvá, sem er eitt af víðamestu sviðum félagsins. Framkvæmdastjóri tónasviðs ber ábyrgð á rekstri þess, hefur yfirumsjón með ákvörðunum og bótaskyldu og

stýrir þjónustu við viðskiptavini vegna afgreiðslu tjóna. Tjónasvið Sjóvá hefur einnig umsjón með forvarnarstarfi félagsins. Þóra er fædd 12. apríl 1974. Hún lauk kandidateitprófi í lögfræði við Háskóla Íslands árið 2000 og öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2002. Þóra starfaði sem lögfræðingur hjá Tryggingamiðstöðinni hf. á árunum 2000-2005. Hún hefur starfað hjá Sjóvá frá því í febrúar 2005 og sinnti þar lögfræðipjónustu áður en hún tók við starfi framkvæmdastjóra tónasviðs.



## Samið um viðtæka vátryggingavernd

Sjóvá og Sjóklæðagerðin hf. hafa gert með sér samning um viðtæka vátryggingavernd vegna hagsmuna Sjóklæðagerðarinnar hf. bæði innanlands og erlendis. Samningur þessi byggir á samstarfi Sjóvá við Royal & SunAlliance sem veitir Sjóvá aðgang að þjónustuneti Royal & SunAlliance í 133 löndum. Sjóklæðagerðin hf. var stofnuð 1926 og sá í upphafi eingöngu um framleiðslu á sérstökum hlífðarfatnaði fyrir sjómenn og fiskverkunarfólk á norðurslóðum. Á síðari árum hefur bæst við fjölbreytt framleiðsla á útivistarfatnaði með áherslu á hönnun og gæði. Sjóklæðagerðin hf. er með tvær verksmiðjur í



**VIÐ UNDIRRITUN SAMNINGS UM VIÐTÆKA VÁTRYGGINGAVERND** Marínó Guðmundsson, forstjóri Sjóklæðagerðarinnar hf., og Sveinn Segatta, framkvæmdastjóri fyrirtækisviðs Sjóvá.

Letlandi. Útflutningur á fatnaðinum fer vaxandi. Í dag eru 66° Norður vörur seldar í N-Ameríku, Skandinavíu og Mið-Evrópu. Þessi samningur er því mikill kostur og hagræðing fyrir Sjóklæðagerðina hf.

## Vildarþjónusta fyrirtækja



Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

- Greiðsluþjónusta – frí fyrsta árið
- Hærrí innlámsvextir
- SPH innkaupakort þér að kostnaðarlausu

sph  
550 2000 | www.sph.is

## Tölvulistinn fær vottun Microsoft

Auka þjónustuna við smærri fyrirtæki.

Tölvulistinn hlaut nýverið gullvottun Microsoft og hefur þar með náð enn einum áfanga í sögu fyrirtækisins, en það hefur vakið athygli fyrir hraðan vöxt síðustu misseri.

Gullvottun Microsoft er viðurkenning fyrir sérfræðipækkingu Tölvulistans á „Information Worker“ og „Networking Infrastructure“ lausnum Microsoft. Auk þess að geta nú titlað sig Microsoft Gold Certified Partner hefur

Tölvulistinn hlotið svokallaða Small Business Specialist-vottun, en það þýðir að starfsmenn fyrirtækjalausna séu sérfræðingar í Microsoft-lausnum á smá fyrirtækjamarkaði. „Smá fyrirtæki eru samkvæmt skilgreiningu Microsoft þau sem eru með færri en fimmtíu starfsmenn, en Tölvulistinn hefur í gegnum tíðina mestmegnis þjónustað fyrirtæki í þeim stærðarflokki hér á landi,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins.



**VOTTUNIN AFHENT** Halldór Hrafn Jónsson þjónustustjóri og Gunnar Freyr Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Tölvulistans, taka á móti skjali frá Elvari Steini Þorkelsyni, framkvæmdastjóra Microsoft á Íslandi.



Jóhann Ólafsson  
Löggiltur FFS.  
Viðskiptahúsið  
Skúlagata 17  
s: 566 88 00  
vidskiptahusid@vidskiptahusid.is  
www.vidskiptahusid.is



Fasteignir - Atvinnuhúsnæði - Fyrirtæki - Skip - Aflaheimildir

### Viðskiptahúsið - Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf Viðskiptahússins aðstoðar við kaup, sölu og sameiningu fyrirtækja. Einnig aðstoðum við fyrirtæki við sölu á rekstrareiningum og fjármögnun á keyptum rekstrareiningum og fyrirtækjum. Viðskiptahúsið leggur áherslu á fagleg vinnubrögð.

Upplýsingar aðeins veittar á skrifstofu:

- \* Innflutnings- og þjónustufyrirtæki velta 700 m.
- \* Framleiðslu- og þjónustufyrirtæki velta 300 m.
- \* Framleiðslufyrirtæki í sjávarútvegi velta 250 m.
- \* Innflutnings- og dreifnarfyrirtæki í efnageiranum velta 150 m.
- \* Fiskeldisstöð tilbún til rekstar.

Erum með kaupendur af:

- \* Félagi með veltu uppá 200-400 m.
- \* Félagi með innflutning eða framleiðslu á umbúðum.
- \* Félagi með innflutning og dreifingu á efnem og olíum.
- \* Félagi með innflutning og dreifingu á tölvum og tölvubúnaði.
- \* Félagi með innflutning og dreifingu fyrir heilsugeiran.



Viðskiptahúsið

Skúlagata 17 101 Reykjavík sími : 566 88 00 e-mail : vidskiptahusid@vidskiptahusid.is www.vidskiptahusid.is

## NÝR VÖRULISTI FRÁ BROS



BROS

Síðumúla 33 • 108 Reykjavík • Sími 581 4141 • sala@bros • www.bros.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEF.TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is

# Nýtt afgreiðslukerfi tekið upp

Oliufélagið semur við KLS og EJS. Nýtt kassakerfi víða komið upp.

Oliufélagið Esso hefur samið við fyrirtækin KLS og EJS um innleiðingu á Saga Pos-afgreiðslukerfinu, en samningur fyrirtækjanna felur í sér að Saga Pos-lausnir verða settar upp á öllum afgreiðslustöðvum Esso.

Í tilkynningu fyrirtækjanna kemur fram að Saga Pos sé ný kynslóð afgreiðslulausna frá KLS ehf. „Lausnin samanstendur af afgreiðsluhugbúnaði og miðlægri bakvinnslu, sem tengist öllum helstu bókhaldskerfum landsins. Meðal aukakerfa KLS sem tengjast Saga Pos eru handtölvulausnir fyrir birgðir, pantanir, vörutalningar og verðkannanir auk tenginga við eftirlitsmynda vélar,“ segir þar, en einnig verða í kerfinu nýjungar í kynningum og auglýsingum í gegnum afgreiðsluskjái sem snúa að við-



ESSO VIÐ GEIRSGÖTU Í REYKJAVÍK Nýtt afgreiðslukerfi Esso er þannig snúið að afgreiðsluskjái sem snúa að viðskiptavinum geta sýnt kynningar og auglýsingar.

skiptavinum í verslun.

EJS hóf að selja Saga Pos-kerfið í byrjun ársins, en þegar munu

verslanir á borð við 10-11, Bónus, Hans Petersen og Bónusvideo hafa fest kaup á því.

## Ís beint frá býlinu

Á bænum Holtsemi í Eyjafirði hefur verið tekin í notkun ný ísvél. Bændurnir nýta pláss í hlöðunni.

Á bænum Holtsemi í Eyjafirði hefur verið tekin í nokun ísvél og stefnt að sölu til veitingahúsa og á að selja gestum og gangandi ís heima á bæ í sumar.

Á vef Landssambands kúabænda segir frá þessu framtaki bændanna Guðrúnar Egilsdóttur og Guðmundar J. Guðmundssonar. Arna Mjöll, fimmtán ára dóttir þeirra, tekur einnig þátt í verkefninu og er haft eftir móður hennar að hún verði „aðalísgerðarkonan í sumar“.

Ísinn er sagður gerilsneydd-

ur og án aukaeftna á að hafa eins árs geymsluþol í frysti. Ísvélin er tölvustýrð og hægt er að velja á milli 400 mismunandi uppskrifta og allra hugsanlegra bragðtegunda. Auk hefðbundinna tegunda eins og jarðarberja-, vanillu-, hnetu- og súkkulaði íss er hægt að bjóða nýjungar á borð við bjórís, álaís, hvítlauksís og sveppaís.

Um 2.000 vélar þeirrar gerðar sem sett hefur verið upp í Holtsemi munu vera í notkun á evrópskum bændaþýlum.

Haft er eftir Guðrúnu að



ÍSINN KÆLIR Í SUMARHITANUM Stjórnvöld hrundu í fyrravor af stað verkefninu „Beint frá býli“ en í þeim anda á að búa til ís í Eyjafirði í sumar.

Guðmundur hafi rekið augun í auglýsingu í breska bændaþýlinu Farmers Weekly þar sem ísvélin var kynnt og fljótlega hafi verið ákveðið að kaupa hana. Eftir miklar breytingar í fjósi varð til rými í hlöðunni sem hjónin hafa innréttað fyrir ísgerðina. - óká

## Kauphöll Íslands fær verðlaun

Business Britain Magazine verðlaunar Kauphöllina. Verðlauninum fylgir umfjöllun í kvöldfréttatíma Sky sjónvarpsstöðvarinnar bresku.

Kauphöll Íslands hlaut nýverið árleg verðlaun Business Britain Magazine fyrir að stuðla að hagvexti í íslensku efnahagslífi. Á frummálinu nefnast verðlaunin Award for Services to Indigenous Economic Growth 2005/2006.

Business Britain Magazine hefur veitt verðlaun eftir mismunandi þemum síðan 2002, en þetta er í fyrsta skipti sem kauphöll hlotnast slík verðlaun. Business Britain Magazine sérhæfir sig í umfjöllun um fyr-

irtæki og fjármálamarkaði þar sem tímaritið er í dreifingu; í Evrópu, Afríku og Mið-Asíu.

Í tilefni af verðlauninum verður þriggja síðna umfjöllun um Kauphöllina í mars/apríl töluþlaði tímaritsins, auk þess sem tveggja og hálfur mínútu dag-skrá verður um Kauphöllina í kvöldfréttum Sky News hinn 8. apríl næstkomandi. Fréttastofa Sky-sjónvarpsstöðvarinnar er sögð ná til um áttatíu milljóna manna. - óká



KAUPHÖLL ÍSLANDS

## Benda á mikilvægi þjónustugeirans

Samtök verslunar og þjónustu héldu aðalfund gær. Þar voru iðnaðarráðherra afhentar tillögur til úrbóta í tengslum við þekkingar- og þjónustuiðnað.

Samtök verslunar og þjónustu kynntu á aðalfundi sínum í gær nýja skýrslu um mikilvægi þjónustugeirans fyrir íslenskan þjóðarþúskap. Þar kemur fram að hlutdeild þjónustu af landsframléiðslu nemi 55 prósentum (67 prósentum sé verslun talin með) og hafi aukist um 14 prósentustig frá árinu 1973 og fari enn vaxandi. „Með slíka hlutdeild er þjónustan grundvöllur að velferð framtíðarinnar,“ segir í skýrslunni sem Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík vann fyrir samtökin.

Eftir setningu aðalfundarins tók Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, á móti plaggi með ábendingum og tillögum samtakanna um hvernig efla megi enn ört vaxandi þjónustugreinarnar. Lagt er til aukið sam-



TILLÖGUR AFHENTAR Hrunn Rudólfssdóttir, formaður SVP, afhendir Valgerði Sverrisdóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra tillögur til stuðnings þekkingar- og þjónustugeirnum.

starf opinbera- og einkageirans, auknar rannsóknir og nýsköpun, breytingar á skattkerfinu og margt fleira í alls 29 liðum.

Í skýrslunni um mikilvægi þjónustugeirans er farið yfir

margvíslega tölfræði, svo sem að konur séu í meirihluta þeirra sem vinna við þjónustu, en sjö af hverjum 10 útvinnandi konum starfa við þjónustustörf. Þá kemur fram að atvinnutekjur á mann hafi hækkað meira í þjónustugeiranum en annars staðar frá árinu 1988. Kaupmáttaraukning í þjónustu nemur 23,5 prósentum á móti 18 prósentum almennt.

Þá var einnig í tengslum við skýrslugerðina gerð könnun á viðhorfum almennings, sem Gallup framkvæmdi. Þar kemur meðal annars fram að um 70 prósent svarenda telja að starfsfólk einkafyrirtækja veiti betri þjónustu, meðan 11 prósent telja að starfsfólk opinberra fyrirtækja veiti betri þjónustu. Afgangurinn, eða 19 prósent, telja þjónustuna svipaða. - óká

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN ÍS ÍS 31100 01/2004

MÜNCHEN

TIL MÜNCHEN – HEIM FRÁ MÍLANÓ

### NÝTT – OPIN FERÐ

Nú er hægt að bóka NETSMELL til eins áfangastaðar og heim frá öðrum. Þetta gildir um alla áfangastaði Ícelandair í Evrópu og Bandaríkjunum.

OPNA FERÐ verður að bóka á milli áfangastaða í sömu heimsálfu.

ALLT AÐ 140 FLUG  
Á VIKU TIL 22  
ÁFANGASTAÐA.

ICELANDAIR

www.icelandair.is



# Sameining mögulega aftur á dagskrá

Hver eru áhrif alþjóðavæðingar íslensks viðskiptalífs á starfs-umhverfi Kauphalla Íslands?

Kauphöllin nýtur alþjóðavæðingar íslensks viðskiptalífs í aukinni athygli erlendra fjárfesta, fyrirtækja og fjölmiðla. Erlend fyrirtæki voru í fyrsta sinn skráð í Kauphöllina á síðasta ári. Fyrirspegnun um skráningu hefur fjölgað og reikna má með nokkrum skráningum erlendra fyrirtækja á allra næstu misserum. Erlent eignarhald skráðra verðbréfa hefur aukist hröðum skrefum. Þá er erlend fjölmiðlaumfjöllun daglegt brauð. Stundum hefur hún verið neikvæð en oft jákvæð, þó að það hafi viljað gleymast í darraðardansi undanfarnna vikna.

Af hverju var ekki farið út í viðurðingur við sameiningu Kauphalla Íslands og OMX kauphallarinnar?

Færa má rök með og á móti sameiningu. Farið var gaumgæfilega ofan í allar hliðar málsins og meðal annars leitað til ráðgjafarfyrirtækisins Boston Consulting Group. Fyrirtæki í Kauphöllinni hafa notið verunnar þar og óvíst er að sérstaklega smærri og meðalstór félög ættu jafngóð vaxtartækifæri í OMX og í Kauphöllinni.

Vöxtur slíkra fyrirtækja hefur verið lífæð Kauphalla Íslands og mikilvægur íslensku efnahagslífi. Ekki má gleyma því að fá ári eru síðan jafnvel stærstu fyrirtækin í Kauphöllinni tilheyru þessum flokki. Þá má rifja upp að stjórnin lagði áherslu á að ekki væri rétt „að svo stöddu“ að ganga til sameiningarviðræðna. Í þessu felst að slíkar viðræður geta fyrir en varir komið aftur á dagskrá.

Getur verið að stærri fjármálafyrirtæki landsins líði fyrir smáð Kauphalla Íslands?

Fjármálafyrirtækin hafa án alls vafa notið þess að hafa verið skráð á sterkt heimamarkaði þar sem þau hafa fengið mikla athygli fjárfesta. Því má einnig ekki gleyma að Kauphöllin hefur þjónustað skráð fyrirtæki afar vel, hún er snör í snúningum. Eftir því sem fyrirtækin stækka verður ær mikilvæga fyrir þau að breikka hluthafahóp sinn og fjölga fjármögnunarleiðum. Hins vegar er engin ástæða til að ætla að slíkt fari ekki ágætlega saman við skráningu í Kauphöllinni. Vöxtur fjármálafyrirtækjanna,

og annarra skráðra fyrirtækja, hefur reyndar meðal annars grundvallast á því hversu mikið fé þau hafa getað sótt á hlutabréfamarkað og skuldbréfamarkað í krafti skráningarinnar. Á síðasta ári var sjöttu hvernir krónu sem skráð fyrirtæki á Norðurlöndum sóttu á hlutabréfamarkað af fyrirtækjum í Kauphöll Íslands og skráð fyrirtæki hafa tekið stór lán erlendis á hagstæðum kjörum. Í þessu samhengi má einnig nefna ört vaxandi þátttöku erlendra aðila í íslensku verðbréfamarkaði.

Hversu brýnt verkefni er að stækka Kauphöllina og hvernig verður það helst gert?

Prátt fyrir að Kauphöllin hafi vaxið afar hratt er áframhaldandi vöxtur engu að síður mikilvægur. Þegar fjárfestar hugleiða að hasla sér völl á nýjum markaði þarf ávallt að leggja út í kostnað við að kynna sér viðkomandi markað. Því er líklegra að erlendir fjárfestar láti verða af því að fjárfesta hér eftir því sem markaðurinn er stærri. Stærri markaður stuðlar einnig að öðru jöfnu að auknum seljanleika. Við höfum markvisst unnið að því á undanförunum árum að gera markaðinn aðgengilegri erlendum fjárfestum. Brýnt

fyrsta skref í þeim efnum var að styrkja innviði markaðarins með góðum árangri, t.a.m. með aukinni áherslu á virkt eftirlit. Kauphöllin vinnur nú einnig að því að samþæfa frekar innlent fjármálaumhverfi því sem algengast er á stærstu mörkuðunum erlendis. Við höfum einnig kynnt markaðinn erlendis, m.a. í samstarfi við skráð fyrirtæki. Kauphöllin hefur lagt áherslu á að laða að smærri og meðalstór erlend fyrirtæki enda teljum við að skráning hér geti hentað mörgum slíkum fyrirtækjum vel, þau gangi hér að fyrsta flokks markaði og kunni að fá meiri athygli hér en á sínum heimamarkaði.

Má búast við að uppgjorsreglum Kauphalla Íslands verði breytt?

Það verkefni er þegar langt komið. Í haust er gert ráð fyrir að uppgjörstíma hlutabréfa verði breytt til samræmis við það sem algengast er erlendis, þ.e. að viðskipti verði gerð upp þremur dögum eftir að þau eiga sér stað. Þetta mun vafalaust auðvelda aðkomu erlendra aðila að markaðnum.

# Miklir möguleikar þrútt fyrir smáð og einangrun

Amerískur prófessor sótti aðalfund Verðbréfabings fyrir skömmu og flutti erindi um möguleg sóknarfæri Kauphalla Íslands, sem og lands og þjóðar, á sviði alþjóðaviðskipta, bæði styrk og veikleika.

„Möguleikar Kauphalla Íslands til að ná því mesta út úr sívaxandi hagkerfi heimsins eru gríðarmiklir,“ segir prófessor Gregory Miller hjá Harvard Business School í Bandaríkjunum. Hann fjallaði um Kauphöllina og aðstæður hennar í fyrirlestri sem hann flutti á aðalfundi eignarhaldsfélagsins Verðbréfabings fyrir helgi, en Verðbréfabing á og rekur Kauphöll Íslands og Verðbréfabrángu Íslands.

Gregory Miller telur aðstæður um margt hagstæðar hér, menntunarstig hátt og fólk duglegt, auk þess sem öll umgjörð til nýsköpunar sé góð og vistvænir orkugjafar á borð við vatns- og jarðvarmaorku til staðar. „Á móti kemur einangrun landsins og smáð, sem hefur áhrif á birtingarmynd þess á alþjóðavettvangi.“ Með einangrun segist Miller ekki síst eiga við þær hugmyndir sem útlendingar gera sér um land og þjóð, enda séum við hér landfræðilega einangruð og með sterka sjálfsmýnd, sem birtist í eigin tungu og menningu, allt hlutir sem virki framandi. „Þegar ég segist vera á leiðinni til Íslands eru viðbrögð fólks einatt: Vá, það er langt flug! En þetta er bara ekki rétt. Fólk fer svipaðar vegalengdir í innanlandsflugi í Bandaríkjunum án þess að þykja mikið til koma og fólk sem segir þetta við mig viljar ekki fyrir sér að hoppa upp í flugvél og endasendast til Indlands eða Hong Kong.“ Þá segir hann stærðarhlutföll vinna nokkuð á móti landinu.

Miller segir Kauphöll Íslands geta verið andlit viðskipta á Íslandi út á við og kynnt alþjóðafjórðingum um heim allan aðstæður hér og laða þá í viðskipti. Verkefni Kauphalla Íslands segir hann því nokkuð viðamikil enda nokkur alþekkt sannindi um fjárfesta sem hafa þurfi í huga. „Fólk hefur tilhneigingu til að fjárfesta á heimaslóðum og of lítið úti um heim. Þetta er ein af minnst umdeildu staðreyndum heimsviðskipta og háir jafnt sérfræðingum, stofnunum og einstaklingum.“ Eins segir hann fleiri hluti koma til, svo sem tímamismun, ólíkar skattareglur og umgjörð viðskipta milli landa sem bætist við vandamál tengd einangrun og stærðarhlutföll. „En þegar maður gerir sér hindranirnar ljósar er hægt að bregðast við þeim.“ Hann segir ljóst að Kauphöllin og fyrirtæki hennar þurfi að vera sjáanleg. „Þar hjálpar til skráning fyrirtækja á fleiri en einum stað, til dæmis gæti skráning fyrirtækis úr Kauphöll Íslands í Bandaríkjunum vakið áhuga fjárfesta þar á aðstæðum hér.“ Þá segir Miller vitanlega hjálpa til ef fyrirtæki nái að stækka, enda sé vitað að stærri fyrirtæki laði frekar að sér fjárfesta. Hann leggur líka áherslu á að sýnileiki fyrirtækja skipti gríðarlegu máli þegar að því komi að laða að sér fjárfesta. „Staðreyndin er sú að fólk vill fjárfesta í þeim hlutum sem það hefur fyrir augunum daglega. Endalausar rannsóknir renna stöðum undir þessa kenningu.“ Um leið segir hann að fyrirtæki í þéttbýli fái fleiri fjárfesta en í dreifbýli, en svo virðist sem fyrirtæki í borgum fái frekar umtal meðal fjárfesta og upplýsingar um þau leki út eftir óhefðbundnari leiðum.

„Þá skiptir höfuðmáli hversu miklum tíma fjárfestir þarf að eyða í að kynna sér aðstæður. Þarna er alvöru hindrun þegar kemur að því að laða fjárfesta til Íslands. En svo koma líka til álita hlutir á borð við menningarlega samsvörum, fólk fjárfestir frekar á sínu menningarsvæði, ef svo má segja,“ segir Miller.

Þróunin á markaði hér er engu að síður í rétta átt, segir Miller. „Útrás íslenskra fyrirtækja vekur athygli og mörg þeirra eru að verða alþjóðleg. Allt hjálpar þetta til við að draga úr huglægri einangrun landsins.“ Þá segir hann íslenskt hugvít skila sér í auknum áhuga á aðstæðum hér þegar vel tekst til og nefnir gervilima- og stoðtækjafyrirtækið Össur sérstaklega í þeim efnum. „Vélvædda hnéð frá



PRÓFESSOR GREGORY MILLER Miller sótti heim aðalfund Verðbréfabings fyrir helgi og velti fyrir sér möguleikum Kauphalla, lands og þjóðar í alþjóðaviðskiptum. Hann segir horfur hér góðar þótt ljóst sé að við verðum að takast á við ákveðnar hindranir. MARKAÐURINN/E.ÖL

Össur sem kynnt var fyrir áramót og hlaut mikla umfjöllun er nokkuð sem fjárfestar taka eftir og vilja fá að taka þátt í.“ Þá vinnur með landinu að þjóðin er ung og á inni mikinn ævisparnað auk þess sem lífeyrissjóðakerfið hér er öflugt. „Þess vegna eru hér öflugir og þolinmóðir fjárfestar og það skiptir miklu máli við þróun markaðarins.“

Miller segir tískulöndin meðal alþjóðafjárfastra vera Indland, Kína og Rússland og mikið verk fyrir höndum ef laða eigi fyrirtæki og fjárfesta hingað. „Ég talaði við fimm alþjóðamiðlara, á austur- og vesturströnd Bandaríkjanna, í Bandaríkjunum og víðar, og þetta voru löndin sem þeir nefndu. Þessi lönd eru öll eftir á hvað varðar innri uppbyggingu og regluverk.“ Á Indlandi lendir maður á risastórum alþjóðaflugvelli, en frá honum liggja svo moldarslóðar. Það eina sem þessi lönd hafa fram yfir Ísland er stærðin.“

Næstu skref eru að bregðast við þessari samkeppni allri og til þess eru allmargar leiðir að mati Millers, bæði með því að flytja íslensk fyrirtæki til útlanda og með því að laða erlent fjármagn hingað. „Hægt er að einbeita sér að landsvæðum. Norðurlöndin saman ná til dæmis nokkuð góðri stærð,“ segir hann og bendir á að þótt mikil tækifæri og öflugir fjárfestar séu bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum sé samkeppni þar að sama skapi mikil. „Annar möguleiki er að leita samstarfs við önnur svæði sem eiga í vanda við að láta á sér bera, líkt og Nýja-Sjáland og

lönd Karíbahafsins.“ Miller segir líka möguleika hér fölgna í sérhæfingu tengdri ákveðnum iðnaði. Þar bendir hann bæði á sjávarútveg og orkuiðnað. Hann segir þó ljóst að afnema þurfi takmarkanir á fjárfestingu í sjávarútvegi.

Gregory Miller segir samruna við aðrar kauphallaí vænlegan kost fyrir Kauphöllina, en telur um leið að hugleiða þurfi slíkt skref vel. „Vert er að hafa í huga að kauphallaí eru mikilvæg töl fyrir hagkerfið og útrás fyrirtækja. Með samruna tapast að stórum hluta stjórnin á þessu tóli og áherslan færir frá því að snúast um hagsmuni landsins.“ Miller segir engan vafa á að hér séu allar þeir hlutir til staðar sem þurfi til að laða að fjárfesta, innviðir og efnahagur þjóðarinnar, fyrirtæki í útrás og fleiri hlutir. „Lykillinn er að átta sig á hindrununum og einbeita sér að möguleikum landsins og Kauphalla Íslands í að sigrast á þeim.“

oikr@markadurinn.is

## TÖLVUPÓSTURINN

Til Þóðar Friðjónssonar  
forstjóra Kauphalla Íslands  
og framkvæmdastjóra  
Verðbréfabings Íslands



MÁLID ER  
Staða  
Kauphalla  
Íslands

Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?



ÓKEYPIS  
REYNSLUTÍMI  
á www.mentis.is

Microsoft  
CERTIFIED  
Partner

mentis  
HUGBÚNAÐUR

# Nýkomin falleg sending af glóbelin vefnaði í úrvalli



Pulla, 47x30 2.900



Skammel, 40x35x27 5.900



Púði, 50x35 2.900



Opnanlegt skammel, 45x45x47 12.000



Bólstrað herðatré, 500 kr stk



Stóll, 100x50x50 17.000



Rúmteppi, púðar og pils í pakka. Queen og King frá 29.000.



Löber, 180x33 2.900



Púði, 45x45 2.900

## Gullfalleg náttborð og kommóður úr gegnheilum kirsuberjavið



16.900 kr



39.900 kr



15.900 kr



29.000 kr



15.000 kr



19.700 kr



9.800 kr



11.500

Fæst einnig í verslunum:

Í tilefni dagsins, Selfossi  
Draumalandi, Keflavík  
Verslunin Þórðarhöfði, Sauðárkróki

**1928**  
VERSLUN • VÖRUHÚS

Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480

Opið mán. - fös. 10-18 • Lau. 11-16 • Sun. 13-15

## BANKAHÓLFÍÐ



### Líkt við fyrrum starfsmann

Mogginn virðist trúa öllu hinu versta upp á stjórnendur Kaupþings banka. Þannig mátti sjá í Staksteinum fullvissu ritstjóra blaðsins um að bankinn hefði tekið afstöðu gegn íslensku krónunni. Birti blaðið mynd af Hreiðari Má og aðra af hinum kunna fjárfesti George Soros sem vann það sér til frægðar að fella breska pundíð. Innan Kaupþings telja menn samamburðinn við Soros óverðskuldaðan, en á það hefur verið bent að þótt Hreiðari sé þar að ósekju líkt við Soros teljist þessi konungur spákaupmannanna til fyrrum starfsmanna Kaupþings banka. Soros vann nefnilega á árum áður hjá Singer og Friedlander sem er að fullu í eigu Kaupþings banka.

### Borgun almennings

Staksteinar héldu áfram og fullyrta að ef svo væri að bankar væru að taka stöðu gegn krónunni væri það almenningur sem borgaði. Nú er það svo að þrátt fyrir að stórir aðilar hafi fært áhættu úr krónunni er núverandi staða krónunnar langt því frá að vera óeðlileg. Hitt benda menn á að úr því að farið sé að tala um á hverju almenningur tapi og á hverju hann græði, þá hafi fréttir þar sem dregnir voru fram neikvæðustu þættir í neikvæðri skýrslu Merrill Lynch valdið hræðslu hjá smáum fjárfestum sem hafi selt sig út af markaðnum, án þess að tilefni lækkunarinnar væri annað en svartsýni ritstjóra Moggans. Smáir fjárfestar ganga líka stundum undir nafninu almenningur.

### Dýr myndi Glitnir allur

Boðað hefur verið til hluthafafundar í Glitni, eða Íslandsbanka eins og bankinn heitir víst enn. Aðalefni fundarins er tillaga stjórnar um að heiti bankans breytist í Glitni. Um tvo þriðju hluta atkvæða fundarmanna þarf til að breyta samþykktum félagsins og verður að telja nokkuð líklegt að svo takist. Fari svo að hluthafar hafni tillögunni væru ófáar milljónirnar foknar út í buskann, enda hefur auglýsingaherferð bankans ekki farið framhjá neinum. Þar hefur meðal annars tekist að breyta viðteknum skoðunum í reikningi, börnum til mikillar armæðu.

20 milljarða verðmæti í bréfum í Exista sem hluthafar KB banka fá í sérstakan arð.

4,7 milljarða evra lausafjárstaða Landsbanka Íslands.

3/5 hlutar fulltrúa í stjórn Kögunar sem stjórnendur og stærstu hluthafar tókust á um á aðalfundi.

## HVAR ER ÞITT EGO?



Nýtt!

**RÚÐUVÖKVI & LOFTJAFNARI**  
Á öllum EGO-stöðvunum!

öruggari í akstri!



Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

BENSÍN DÍSEL

KVITTUN FYLGR ÁVINNINGUR!

www.ego.is

# E\*TRADE

Við færum þér fjármálaheiminn

Nú býst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E\*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Kynntu þér málið á [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

